

VICTORIA OG GEORG

Ólafur Haukur Símonarson

skrifaði saman leiktextann
eftir dagbókbrotum, bréfum og ritum Victoriu Benedictsson,
túlkaði og skáldaði í skörðin..

Leikarar: Guðrún Gísladóttir, Þröstur Leó Gunnarsson
og Nanna Kristín Magnúsdóttir
Leikstjóri: Hlín Agnarsdóttir
Leikmynd og búningar: Rebekka A. Ingimundardóttir
Lýsing: Ásmundur Karlsson

Frumskýnt á Litla sviði Þjóðleikhússins 14. september 2002

1.

Hótelherbergi í Kaupmannahöfn. Hótelherbergið er jafnframt vinnustofa rithöfundar: bækur og handrit í snyrtilegum stöflum upp við vegg. Opin taska á gólfinu full af handritum. Á skrifpúlti liggur dagbók Victoriu. Ingeborg er að raða vínglösum á arinhilluna.

VICTORIA: Það eru örugglega engin fingraför á glösunum, Ingeborg?

INGEBORG: Nei, frú, ég þvoði glösin vandlega.

VICTORIA: Í guðanna bænum kallaðu mig ekki frú. Að minnsta kosti ekki svo hann heyri. Ég er engin frú – ég er manneskja!

INGEBORG: Nei, frú... já, frú, ég skal reyna að kalla þig ekki frú.

VICTORIA: Kannski heldur ekki manneskja – en alls ekki frú.

VICTORIA: Ingeborg, dragðu bekkinn nær glugganum, ég vil sjá hann almennilega – í birtunni. (*Ingeborg færir bekkinn þangað sem Viktoría bendir.*) Endirinn felst í upphafinu – upphafið býr í endinum. Móðir mín innrætti mér kvenlegar dyggðir, hún lét mig sauma, spila á píanó, fara með kurteisishjal á frönsku – og lesa Biblíuna – klukkutíma á dag. Endirinn er í upphafinu... Faðir minn kenndi mér hinsvegar að sitja hest, aka vagni, bregða hnífi og skjóta af byssu. (*Dok.*) Heldurðu að hann komi?

INGEBORG: Já, frú, örugglega.

VICTORIA: Af hverju skyldi hann langa til að heimsækja ófríðan, haltan kvenmann frá Skáni?

INGEBORG: Þú ert rithöfundur rétt eins og hann.

VICTORIA: Rétt eins og hann! Ertu brjáluð! Hann er frægastur þegna

danakonungs, bókmenntapáfí, kvennaljómi, snillingur, hann hefur skrifað bækur sem hafa sett allt á annan endann í Evrópu. Það renna eldingar úr penna hans! Ég hef skrifað eina vonða bók!

INGEBORG: Það er örugglega ekki vond bók, það veit ég!

VICTORIA: Örugglega ekki vond bók? Þú hefur ekkert vit á þessu, Ingeborg. Þú ert ekki einu sinni læs.

INGEBORG: Nei, frú, það er ég ekki, ég er ekki læs.

VICTORIA: Ég er viss um að honum þykir bókin hundvond. Hann er afar dómharður. Þú hefur semsé farið með bréfið til hans í morgun?

INGEBORG: Hótelsendillinn fór með bréfið.

VICTORIA: Hótelsendillinn? Er hægt að treysta honum?

INGEBORG: Já, frú. Það er hægt að treysta fólki þótt það kunni ekki að lesa.

VICTORIA:

Fyrirgefðu mér, Ingeborg. Fyrirgefðu mér! Ég veit ekki mitt rjúkandi ráð.

VICTORIA: Sjáðu þessar hendur – æ, hvað þær eru klunnalegar! Hvað á ég að gera við þessa voðalegu hendur? Og augun, sjáðu þér, tvær rifur með svörtum kolamololum. Augabrúnirnar, tveir krákuvængir! Klædd eins og sveitakerling. Sannarlega ekkert augnayndi, Ingeborg. Hann – frægur snillingur – en ég veit ekki neitt í minn haus!

INGEBORG: Frú, þú ert allt sem ég vildi vera!

VICTORIA: Bull og vitleysa, Ingeborg, þú hefur undurfrítt andlit, ágætan vöxt, smáar, liprar hendur, óspillt hjarta og gáfur sem duga til að vera elskuð af fallegum, ungum manni. Hvað heitir unnusti þinn?

INGEBORG: Berg. Hann heitir Berg. Hann segir reyndar líka að ég sé

snoppufríð. En ég veit ekki hvort honum þykir mikið til mín koma að öðru leyti. Hann brosir alltaf þegar ég tala. Það er mjög erfitt að tala þegar einhver brosir meira og meira við hvert orð sem maður segir. Af hverju brosir hann, frú?

VICTORIA: Af hverju? Sjálfsagt af því þú ert ung og eðlileg. Þú ert kona. Það brosir enginn þegar ég tala – þó ekki væri – líttu á mig – hvað sérðu? Heila sem hatar vangetu sína, hjarta sem engist eins og ormur á öngli. Þú sérð kryppling, yst sem innst.

INGEBORG: Þú meinar þetta ekki – þú meinar þetta ekki, frú!

VICTORIA: Kannski ekki. Nei, auðvitað ekki. Vitaskuld er ég engin auli. Ég vil aðeins vera undir það versta búin þegar hann á í hlut. Ef hann sér kryppling, þá er ég krypplingur.

INGEBORG: Honum getur líka skjátlást.

VICTORIA: Jafnvel þó honum skjátlist hefur hann rétt fyrir sér. Hann er rödd hins nýja tíma, Ingeborg. Boðberi sannleikans. Hann er á leiðinni upp stigann! Ó, nei, bölvað verið þetta bréf! Bölvað veri það! Hvernig lít ég út?

INGEBORG: Mjög vel.

VICTORIA: Ingeborg, ég er glötuð!

INGEBORG: Má ég fara, frú?

VICTORIA: Nei, nei, vertu kyrr! Ég er glötuð... ég er glötuð...
(*Victoria felur sig. Brandes gengur inn.*)

BRANDES: Frú, Benedictsson?

INGEBORG: Victoria, það er verið að spyrja eftir þér.

BRANDES: Eða á ég heldur að segja herra Ernst Ahlgren. Mér þykja gátur skemmtilegar. Ég er góður að ráða gátur.

VICTORIA: Vertu velkominn, herra Brandes. Það var vinsamlegt af þér að vilja koma. Ég þykist vita að annríkið sé alveg gífurlegt.

GEORG: Það var óþarfi að vekja mig eldsnemma með þessari orðsendingu, frú. Ég var búinn að lofa því að líta inn. Ég er forvitinn að eðlisfari. Konur sem skrifa bækur, þó undir dulnefni sé, eru ekki á hverju strái.

VICTORIA: Taktu af þér frakkann. Örlítið kampavín. Ingeborg! Fyrir alla muni, fáðu þér sæti. Þarna, þarna! (*Hún bendir á legubekkinn.*)

GEORG: Nei – sest þú þarna. Mig langar til að virða þig vandlega fyrir mér – í birtunni.

(Victoria sest á legubekkinn þar sem hún hafði ætlað Georg sæti. Georg virðir Victoriu vandlega fyrir sér.)

VICTORIA: Það er ekki mikið að sjá.

GEORG: Þú hefur verið mikið veik, ekki satt?

VICTORIA: Ég var rúmföst í tvö ár.

GEORG: Ég hef séð til þín – þú ferð ekki hratt, en berð þig samt skörulega um á hækjunum. Hnén, ekki satt?

VICTORIA: Jú, hnén voru höggvin upp í þrígang – þau eru ekki orðin mikils virði.

GEORG: Ég skil. Afsakaðu að ég spyr – hvað ertu gömul?

VICTORIA: Ég er þrjátíu og sjö ára.

GEORG: Ég hélt þú værir miklu yngri – ég hefði giskað á tuttugu og átta ára. Það er með ólíkindum – þegar þess er gætt hvernig langvarandi veikindi leika fólk. Já, ég hefði giskað á tuttugu og átta ára.

(Victoria segir ekkert, en þegir í þverúð. Fas hennar lýsir stolti og

fyrirlitningu – honum hefur orðið á í messunni.)

GEORG: Vonandi heldurðu ekki að ég standi hér og slái þér gullhamra? Hvaða tilgangi ætti það að þjóna? Ég undrast aðeins að sjúkdómurinn skuli þó ekki hafa markað dýpri spor. (*Þögn.*) Segðu mér frá áætlunum þínum, vinum, stuðningsmönnum, öllum kringumstæðum.

VICTORIA: Þú hlýtur að vera að gera gys að mér. Þig langar þó ekki að ræða um líf mitt meðal sveitamanna og smáborgara á Skáni?

GEORG: Ég veit – það er ekkert grín að búa á landsbyggðinni – litla andlega örvun þar að hafa – engin söfn, lítið um listviðburði – en þú hefur lesið, eitthvað hefurðu lesið, ekki trúi ég öðru.

VICTORIA: Ég á enn margt ólesið.

GEORG: Það er svo sem ekki allt merkilegt sem út kemur og borgaraskapurinn gleypir í sig með áfergju. Ég sé að þú hefur lesið bók Hans Jægers "Um listamannalífið í Kristjáníu"? Klúr bók, ekki satt, ruddaleg bók?

VICTORIA: Jú, svo sannarlega.

GEORG: Bækur lýsa stundum sálarástandi höfundanna betur en meintum viðfangsefnum. Lastu ritdóminn minn í Politiken?

VICTORIA: Já, það gerði ég. Ég var þér hjartanlega sammála. Ég hefði getað tekið undir hvert einasta orð.

GEORG: Var ég of grimmur?

VICTORIA: Nei, nei, það held ég ekki.

GEORG: Ég er þannig gerður – ég verð alltaf að segja skoðun mína refjalaust. Lýsingar á ólífnaði verða að þjóna einhverjum tilgangi, ekki satt?

VICTORIA: Persónur bókarinnar runnu saman í ómerkilegan graut. Allir hjakkandi í sama farinu.

GEORG: Hjakkandi. Vissulega. Heimsóknir til vændiskvenna hljóta alltaf að verða með svipuðu sniði. Það er ekki tilbreytingarsamt sem gerist í slíkum heimsóknum.

VICTORIA: Ég get ímyndað mér það.

GEORG: Ekki átti ég von á því...

VICTORIA: Hverju?

GEORG: ... að þú gætir ímyndað þér það. (*Hlær.*) Það hlýtur þá að vera herra Ernst Ahlgren sem getur ímyndað sér vændislifnaðinn. Varla er það frú Victoria Benedictsson frá Hörby sem sér slíka hluti fyrir innri sjónum sínum? (*Ingeborg yfirgefur herbergið.*) Fyrirgefðu hótfyndnina, stundum hrapa orðin ósjálfrátt af tungunni. (*Dok.*) Þeir tóku þér fagnandi í Stokkhólmi kollegar þínir. Þú slóst í gegn með skáldsögunni þinni – heldur betur.

VICTORIA: Leyfist mér að spyrja hvað þér fannst?

GEORG: Svo sem ekkert snilldarverk. En áhugaverð saga svo langt sem hún nær. Þú hefur dregið skynsamlegar ályktanir af reynslu þinni. Konur þurfa að axla ábyrgð ætli þær sér að verða jafningjar karlmanna. Þú hefur lesið leikrit Ibsens. Og Strindberg hefurðu lesið. Það leynir sér ekki. Snillingur eða ekki snillingur – hann er fullur af lífi mannskrattinn – það er hægt að rífast um hann sem er kostur. Persónulega þykir mér Strindberg full hverflyndur, það er eins og hann eiri ekki við neitt. Nú er hann kominn með gullgerð á heilann. Ætlar að verða ríkur á gullgerð! Skrítin skrufa þessi Strindberg ykkar. (*Vandræðaleg þögn. Georg lítur á úrið.*) Jæja, ég ætla ekki að halda þér frá vinnu.

VICTORIA: Þú ert þó ekki að fara – strax? Eitt glas í viðbót – mér til samlætis.

GEORG: Jæja þá, eitt glas! (*Dok.*) Þú heldur dagbók? (*Viktoría kinkar kollu.*) Skrifar í hana á hverjum degi? Allt sem sagt er við þig?

VICTORIA: Dagbókin er minn trúnaðarvinur – hún er þolinmóð og þagmælsk.

GEORG: Ég gæti ekki trúað dagbók fyrir mínum hugrenningum. Það yrði svívirðileg lesning. Hvað mér finnst um mennina, athafnir þeirra, hugsanir, skáldskap, pólitík. Hafðu vara á Viktoría, dagbækur geta lent í röngum höndunum. Hleyptu engum inn í þín innstu vé.

VICTORIA: Ég efast um að mínar hugsanir sé svo merkilegar að þær geti orðið svívirðileg lesning.

GEORG: Nújá, það er gott. (*Dregur upp bókina "Kúgun kvenna" eftir John Stuart Mill*.) Kúgun kvenna. John Stuart Mill. Góð bók, nauðsynleg bók. Gjörðu svo vel – handa þér.

VICTORIA: (*Skoðar bókina.*) Þú hefur þýtt hana sjálfur. Af hverju?

GEORG: Ég neyddist til þess. Konur eru sjálfum sér verstar. Þær lesa ekki það sem skiptir máli fyrir þroska þeirra. Þessar svonefndu betriborgarafrúr hér í Kaupmannahöfn – það eru hræðilegar manneskjur. Flestar óupplýstar og gera ekkert upp á eigin spýtur. eru algjörlega háðar þessum nautum sem þær eru giftar.

VICTORIA: Er það svo? Virkilega?

GEORG: Já. Flestar af mínum ágætu vinkonum taka sér aldrei neitt vitlegt fyrir hendur, dagar þeirra eru eyðimörk – endalaus auðn og tóm. (*Dok.*) Það eru bara tvær tegundir af fólki, Victoria: annars vegar þeir sem hafa getu og nennu til að einbeita sér að einhverju, og svo hinir sem alla daga fálma út í loftið eins og einhver kynjadýr og verður aldrei neitt úr neinu. Það vantar ekki að ættartalan er göfug, en heilinn – hann sefur – ef hann er þá ekki dauður. (*Dok.*) En þú! – þú ert ert lifandi og hefur allskonar áform og hluti á þrjónunum, ekki satt?

VICTORIA: Kannski endist ég í tvö ár.

GEORG: Hvað áttu við? Að þú sért dauðvona? Það er ekki á þér að sjá.

VICTORIA: Ekki veit ég hvað er á mér að sjá.

GEORG: Hvers vegna byrjaðir þú að skrifa?

VICTORIA: Af því að mér leiddist.

GEORG: Leiddist? Hvað leiddist þér?

VICTORIA: Hefur þér aldrei leiðst, herra Brandes – leiðast allt?

GEORG: Jú, mér hefur leiðast allt.

VICTORIA: Jafnvel þú.

GEORG: Óþarfi að vorkenna mér, ég hef aðferðir til að hristi af mér óyndið. Mínar þjáningar eru hversdagslegar miðað við yðar. (*Dok.*) Ég veit að þú hefur kynnst þjáningunni. Ég dáist að því að þú hefur sagt sársaukanum stríð á hendur. Þrjár aðgerðir á hnjám án deyfingar. Ég veit allt um þetta, Victoria. Ég skynja að þú gerir kröfu um endurfæðingu. Að mega rísa upp í kvöl holdsins sem andleg vera. (*Dok.*) Þú ert engin borgaraleg hversdagskona, Victoria, þú ert öfgamanneskja. Og ég ber virðingu fyrir öfgum andans, það skaltu vita. (*Hann grípur hönd Victoriu, skoðar hana, þrýstir síðan kossi á hönd hennar. Victoria stendur sem þrumu lostin.*) Þú lítur alls ekki út fyrir að vera að deyja. Vilji þinn er glæsilegur, Victoria. Hvað um það – við sjáumst aftur, vonandi fljótlega – hittumst heil – í þessu lífi!

Hann fer. Victoria horfir á hönd sína. Hún kyssir á höndina nákvæmlega þar sem hann kyssti. Ingeborg kemur inn.

VICTORIA: Allt verður svo undarlega kyrrt þegar hann talar. Með honum er hægt að vera blátt áfram og sannur. Ef maður er ekki það fífl að fara að brjóta heilann. Hvað gerði ég, Ingeborg, hvað gerði ég! Af hverju var ég

ekki bara ég sjálf? Ég var full af tilgerð – uppskafningshætti smábæjarmanneskjunnar – ég var ekki ég sjálf... (*Victoria tekur dagbók sína og byrjar að skrifa í hana.*)

INGEBORG: Frú, má ég færa þér eitthvað... eitthvað að borða – þú hefur ekkert borðað í tvo daga.

VICTORIA: Hann sá það. Ingeborg, hann var fljótur að sjá það, litla gerpið! Tvær sálir í aumum kvenmannskroppi. Ernst Ahlgren og Victoria Benedictsson. Hver ertu og hver ertu?

INGEBORG: (*Smáflissar.*) Hann minnir á mörð, hvernig hann smýgur inn og út... inn og út!

VICTORIA: Ingeborg! – doktorinn hann er minn gestur – hvernig dirfist þú að tala svona!

INGEBORG: Afsakaðu... Fyrirgefðu frú ...

VICTORIA: Réttu mér blýant! Réttu mér blýant! (*Ingeborg finnur blýant. Vítoría grípur dagbækurnar.*) Þú hefur ekki hlustað á hann halda fyrirlestra, Ingeborg. Andlit hans gárast stöðugt eins og vatnsflötur af hugsunum og tilfinningum. Hann er eins og djúpur brunnur sem hægt er að ausa af lengi, lengi – endalaust – án þess að nálgast botn. Fyrir honum hefur það enga merkingu að flokka hlutina í gott og illt. Gott og illt er merkingarlaust fyrir honum. Af því hann skilur samhengið í öllu sem fyrir ber í lífinu, Ingeborg. Hvernig getur skugginn verið verri en ljósið þegar ljósið getur ekki verið til án skuggans? (*Dok.*) Hvernig gat þessi maður fengið af sér að kyssa með vörunum þessa stóru, ljótu krumlu? (*Þögn.*) Það er rétt hjá þér, Ingeborg, hann smýgur inn og út eins og mörður. Og hann gerðist svo ósmekklegur að slá mér óverðskuldaða gullhamra. Gullhamrar sem hæfa sveitakonu. Gjörðu svo vel gullhamrar sem hæfa sveitakonu! (*Hermir eftir Brandes.*) Ó, unglegt útlit þrátt fyrir hræðilega sjúkdómslegu! Hvaða framtíðaráætlanir hefur þú gert? Ég ætla að deyja eftir tvö ár, sagði ég. En hann var of ragur til þess að taka orð mín trúanleg. Það eina sem upp úr mér hraut og var sannleikanum samkvæmt leiddi hann hjá sér. Honum fannst það eins og hver önnur ósmekklegr orðræða í

skáldsögu. Strikið út þessi orð, hugsaði hann, í guðanna bænum strikið út þessi ósmekklegra orð. Strikið það út, allt þetta ósmekklegra tal um dauðann! Hittumst heil, kona góð, hittumst heil – í þessu lífi!

2.

Seinna. Ingeborg er að færa Victoriu í spelku með liðamótum.

VICTORIA: Fórstu með bækurnar til hans?

INGEBORG: Já, frú, þakkarbréfið frá honum liggur á borðinu.

VICTORIA: Hvernig læt ég, auðvitað er það hér. Ég er búin að marglesa það. Fljótahrip. Ekkert markvert, aðeins fljótahrip. Eðlilegt – maðurinn stendur á haus í bréfaskriftum – skrifar bréf myrkranna á milli öllum þessum ljóngáfuðu kvenmönnum sem hann er að hvetja til að breyta heiminum – það er ekkert grín, Ingeborg.

INGEBORG: Ég get ímyndað mér það – að hann hafi mikið að gera.

VICTORIA: Ég hlustaði á fyrirlesturinn hans í fyrradag. Veistu hvað hann boðar? Ástin er tálsýn og blekking.

INGEBORG: Það er ekki satt! Það getur ekki verið satt!

VICTORIA: Auðvitað er það satt fyrst hann segir það. Hjónabandsástir eru annað orð yfir þrælalald. Honum tókst svei mér að setja allt á annan endann. Sómakærir borgarar ruku á dyr með fúkyrðum. Konur grétu og góluðu.

INGEBORG: Hann er sagður mjög ólukkulegur í hjónabandi.

VICTORIA: Þú átt ekki að trúá öllu sem þú heyrir sagt um veslings Georg Brandes. Frægðinni fylgir illkvittni og slúður.

INGEBORG: Það er mikið þískrað um hvað eiginkonan líti illa út, svona bráðung kona.

VICTORIA: Mér er sama þótt hún líti djöfullega út, hún getur sjálfri sér um kennt. En hann getur líka sjálfum sér um kennt – af því hann blaðrar of mikið – hann blaðrar endalaust um óhamingju sína og vandræði við allar þessar góðhjörðuðu vinkonur sínar. Hann er eins og gömul kjaftakerling. (*Þögn.*) Af hverju kemur hann ekki, Ingeborg?

INGEBORG: Kannski er hann önnum kafinn í augnablikinu, frú, að tala um óhamingju sína. (*Þær hlæja báðar.*)

VICTORIA: Ég er búin að dvelja allt of lengi í Kaupmannahöfn og eyða of miklum peningum. Ég fæ útrás í kaupæði. Ég hef engin ráð á þessu. (*Dok.*) Af hverju kemur mannskrattinn ekki? Ingeborg, hvar eru nýju kertastjakarnir? Komdu með þá, strax, undireins!

INGEBORG: Á ég að kveikja á kertunum?

VICTORIA: Nei, ekki strax – settu þá þarna. Nær hvor öðrum. Þannig að ljósgeislarnir nái saman. (*Dok.*) Hvernig skyldi vera að kyssa hann, Ingeborg, raunverulega, í alvöru. Hann beygir sig yfir mig þar sem ég ligg á legubekknunum, andlit hans nálgað, kemur nær og nær, en ekki of hratt, nei, hægt, hægt, svo ég geti horft beint inn í augu hans, djúpt inn í sál hans – en að lokum kyssir hann mig – létt, finlega og skjálfaði – alls ekki gróflega eða væmilega á neinn hátt – og það fer unaðarstraumur um líkama minn, því það er andlegur koss...

INGEBORG: Andlegur koss?

VICTORIA: Já, andi og líkami eru ósundurgreinanlegir. Það er alsælan. Það er alsælan!

INGEBORG: Já, frú.

VICTORIA: Það er alsælan, Ingeborg!

GEORG: (*Birtist. Hann heldur á sendibréfi.*) “Kæri doktor, Brandes. Ég vil ekki vera tilætlunarsöm, en það væri mér heiður ef þú vildir gera svo vel að líta inn hjá mér á Hótel Leopold, auðvitað að því tilskildu að þig langi í sannleika að spjalla við smábæjarrithöfundinn – eða öllu heldur smábæjarmanneskjuna. Ég geri þessa orðalagsbreytingu, þótt hégómleg sé, vegna þess að ég met það ofar að hafa lifað en hafa skrifað. En skyldi slík heimsókn aðeins vera hæverskutákn gagnvart konunni eða guðspakkarverk gagnvart sjúklingnum þá held ég næstum að ég óski þess að sjá þig alls ekki.”

VICTORIA: Kæri, góði Brandes, ég vildi aðeins áréttta að enginn hefur leyfi til þess að láta þér leiðast, ekki einu sinni þú sjálfur, jafnvel þótt í göfugum tilgangi sé.

GEORG: Vertu óhrædd, engum helst uppi að láta mér leiðast, ekki einu sinni mér sjálfum.

VICTORIA: Þú mátt kveikja á kertunum, Ingeborg.
(*Ingeborg kveikir á kertunum. Georg veitir Ingeborg nána athygli. Ingeborg fer út.*)

Taktu af þér frakkann, kæri Brandes. Fáðu þér sæti.

GEORG: Því miður get ég ekki stoppað lengi. Ég er á leiðinni í matarboð. Það er engin leið að sleppa við þessi skelfilegu matarboð.

VICTORIA: Fáðu þér samt eitt glas mér til samlætis áður en þungbærar skyldur samkvæmislífsins hremma þig.

GEORG: Mikið er hún falleg – þjónustustúlkan. Það er reisin yfir henni. Óvenjulegt hjá alþýðustelpu. Ætli hún eiga kærasta? Kannski fleiri en einn og fleiri en tvo. Kannski fjöldann allan?

VICTORIA: Ég hef bara ekki nokkra hugmynd um það.

GEORG: Það leynir sér aldrei ef stelpa á marga kærasta. Það sést á þeim langar leiðir.

VICTORIA: Ég er ekki nógu veraldarvön til að geta lesið úr andlitum manna hvað þeir eiga marga kærasta – eða kærustur. Ég vona að hún haldi ekki fyrir þér vöku, kæri Brandes – þessi gáta um fjölda kærastanna.

GEORG: Ég hélt ég gæti litið hér inn án þess að valda enn einu hneykslinu. Ertu hneyksluð?

VICTORIA: Hneyksluð! – Nei, ég dáist bara að áhuga þínum á öllu því sem mannlegt er.

GEORG: Hneykslast og dáist í senn, ekki satt? (*Hlær. Verður svo alvarlegur.*) Veistu hvað góðborgararnir hvísla þegar ég sný í þá baki: gyðingskrattinn sem þykist öllum fremri, víðlesnari, málsnjallari – hann skal fá að finna til tevatnsins – hann skal knésettur – hann þarf ekki að láta sig dreyma um prófessorsstöðu við okkar virðulega háskóla – það skal aldrei verða!

VICTORIA: Ætlast til að þessir menn þakki þér svipuhögginn?

GEORG: Nei. Ég gengst við því, mér er ákveðin nautn að segja fólki það mér býr í brjósti. En oftast í nauðvörn, Victoria, nauðvörn gegn úreltum skoðunum og hversdagslegri heimsku. Nú er komið að þér. Ég mun ekki hneykslast. Út með það! Hvað viltu?

VICTORIA: Það hneykslanlegasta sem kona getur látið sér detta í hug ...

Georg gengur til Victoriu. Reynir að króa hana af. Hún smýgur undan honum.

VICTORIA: ... ég vil skrifa góðar bækur.

GEORG: Ég heyri að eiginmaður þinn hafi lagst í rúmið – orðið veikur –

þegar eiginkonan umbreytist fyrir augunum á honum í bandóðan blekbónda. Veslings póstmestarinn, hann á samúð allra góðra manna.

VICTORIA: Samúðin hlýtur að tífoldast þegar spyrst út að þessi voðalega kvenpersóna hafi leitað ráða hjá Georg Brandes, þeim alræmda ...

GEORG: Alræmda hvað?

VICTORIA: ... Gagnrýnanda.

GEORG: Já, sá fantur er til alls vís. En það má hafa gagn af honum, ekki satt?

VICTORIA: Ernst Ahlgren þykist maður til þess að leita ráða hjá Georg Brandes. Hvílík framhleypli! Hvílíkt stórmennskubrjálæði!

GEORG: Ef ég á að segja alveg eins og er: þessi ákefð heillar mig. Þú hefur sterkar ástríður, Victoria – að minnsta kosti hvað skriftirnar varðar.

VICTORIA: Hvað þarf til að skrifa góða bók?

GEORG: Ástríður og skoðanir. Óbilandi ást á frelsinu. Vilja til þess að fórna öllu fyrir frelsið.

VICTORIA: Frá barnæsku hef ég aðeins átt eina ósk; að kynnast raunverulega frjálsri manneskju – að verða frjáls manneskja sjálf.

GEORG: Þá verður þú að slíta af þér alla hlekki vanahugsunar.

VICTORIA: Í hjarta mínu hef ég alltaf hatað vanann – þrælakistu vanans! Ég fékk að dúsa svo lengi í saggafullum, andstyggilegum kjallara smárra hugsana og lágkúrulegra hvata að ég hélt að heiðskír víðátta, blár himinn, sönn vinátta og blóðheitt frelsi væri bara óráðsdraumur – hrekkvís óráðsdraumur!

GEORG: Frelsi, eins og ófrelsi, eru mannanna verk, Victoria. Og hvað svo – hvert viltu stefna?

VICTORIA: Hvert vil ég stefna? Ég er ennþá á stefnulausum flóttu undan sálarleysinu. Því miður hefur dvöl mín hér verið nær samfelldur ósigur. Fötin mín eru þúkaleg, framkoman ...

GEORG: ... klunnaleg. Ekkert sem ekki má ráða bót á. (*Georg nálgast Victoriu og snertir vanga hennar.*)

VICTORIA: Ég mun ekki láta gera mig að dufti. Ég ætla að verða frambærilegur rithöfundur.

GEORG: Er einhver sem styður þig – fjárhagslega á ég við?

VICTORIA: Hver vill styðja konu sem styðst við hækju? Þó svo hún hafi skrifað bók um konu sem þykist ekki þurfa hækju?

GEORG: Þú ættir ekki að tala niðrandi um sjálfa þig – það verða alltaf nógu margir til þess. (*Dok.*) Gætirðu hugsað þér fastráðningu við dagblað? Launin mundu duga þér til að skrimta á meðan þú skrifar næstu bók.

VICTORIA: Dagblöð eru skrifuð af yfirveguðum heiðursmönnum eins og bróður þínum.

GEORG: Já, já. Auðvitað er Edvard bróðir minn heiðursmaður. Hjálpaðu mér, segið mér hvað þú vilt?

VICTORIA: Ég vil *læra* að skrifa.

GEORG: Þú vilt læra að skrifa. Skynsamlegt. Sumir rithöfundar halda að þeir fæðist með allt í kollinum. Ég skal búa til lista yfir þær bækur sem nauðsynlegt er fyrir nútíma rithöfund að lesa.

VICTORIA: Má ég sýna þér smásögu sem ég hef nýlokið við?

GEORG: Því miður – nú verð ég að hlaupa. En sendu mér handritið – láttu hótelsendilinn koma því til mín.

VICTORIA: Er ég uppáþrengjandi?

GEORG: Nei. Já og nei. Það er mjög erfitt að ræða við rithöfunda augliti til auglitis um verk þeirra. Þess vegna þykir mér betra að þú sendir mér handritið. Nú verð ég að þjóta. Því miður þarf ég að halda svokallaða „skemmtilega“ ræðu í afmælisveislu úti í bæ.

VICTORIA: Þakka þér samt kærlega fyrir komuna. Og vertu sæll! Vertu sæll!

GEORG: Mín var ánægjan. *(Hann fer.)*

VICTORIA: Farðu þá. Farðu! Farðu! *(Victoria gengur að logandi kertinu, heldur flötum lófa yfir loganum þar til lófinn byrjar að sviðna. Victoria öskrar af kvölum.)* Ingeborg! Ingeborg!

INGEBORG: Já, frú, get ég gert eitthvað? Viltu fá eitthvað að borða?

VICTORIA: Fáður þér sæti. Já, sestu! *(Ingeborg sest á legubekkin.)* Ingeborg, þegar ég var lítil og pabbi var að fá sér í staupinu með vinum sínum lá ég oft samahnipruð í skotinu á bak við stóra skápinn í karlaskálanum. Þeir töluðu um kvenfólk. Þeir sögðu grófar sögur og klæmdust. Ruddaorðbragð um kvenfólk var ekki það versta – það versta var fyrirlitningin – þeir töluðu um konur eins og skepnur – nei, þær voru verri en skepnurnar – því þær voru upphaf og endir alls ills, þær voru úrþvætti jarðarinnar!

INGEBORG: Pabbi þinn, talaði hann líka þannig?

VICTORIA: Já, hann talaði líka þannig. Hann bölvaði móður minni, hann bölvaði öllu sem kvenkyns var. Samt elskaði ég hann. Og hann elskaði mig.

INGEBORG: Ég veit hvað þú átt við. Maður verður dapur – í hjartanu.

VICTORIA: Já, Ingeborg – dapur og hljóðlátur. Ég hvíslaði í stað þess að tala. Gekk um hljóðlaust eins og draugur og hvíslaði af því að brjóstið var

fullt af sorg. (*Þögn.*) Ingeborg, ég vil fá að kenna þér að lesa?

INGEBORG: Kenna mér að lesa – til hvers?

VICTORIA: Ég veit það ekki, Ingeborg – til þess að gera eitthvert gagn. Til þess að gera eitthvað skemmtilegt. Þessi bókstafur hér heitir A. Ahlgren. Aldrei. Aftur.

INGEBORG: Ahlgren. Aldrei. Aftur. A. Ahlgren. Aldrei. Aftur.

VICTORIA: Þessi stafur heitir B. Bréf. Bíða. Brandes.

3.

Victoria horfir í sjónauka niður götuna. Skyndilega stirðnar hún upp, leggur frá sér sjónaukann, grípur bók, kemur sér fyrir á bekknum. Brandes gengur inn í herbergið og leggur frá sér handrit að smásögu Victoríu.

VICTORIA: Hvernig líkaði þér sagan?

BRANDES: Veistu hvað ég fæ mörg handrit til yfirlestrar í viku hverri? Veistu hve margar ungar dömur ganga með skáldagrillur? Ég er að kafna í handritum hæfileikasnaúðra kvenna.

VICTORIA: Ég þarf að fá að vita hvað þér fannst.

BRANDES: Tölum um eitthvað skemmtilegra. Eigum við að tala um kónginn – nei, hann er ekkert skemmtilegur – eigum við að tala um ástina?

VICTORIA: Ástin flokkast víst með borgaralegum fornminjum, ef ég hef skilið fyrirlestur þinn rétt.

GEORG: Ég hef tekið eftir því að þú lætur þig aldrei vanta á fyrirlestrana.

VICTORIA: (*hermir eftir Brandes.*) Við lifum tæpast sem raunverulegir einstaklingar, heldur tórum líkast daufum eftirmyndum og kynin renna saman í grámóskuleg, síkjaftandi, viljalaus ræksni.

GEORG: (*tekur handritið.*) Andstæður skapa spennu, ljós og skuggi skapa rými. Ég lýsi eftir raunverulegum hetjum, Victoria, raunverulegum fyrirmyndum af báðum kynjum – bókmenntapersónum sem rísa upp úr moðinu til að gera almenningi ljósa eiginleika kynjanna tveggja hreina og ómengaða.

VICTORIA: Er þá engin brú á milli manna af gagnstæðu kyni? Engin önnur en þessi sem kaupa má í pútnahúsinu?

GEORG: Misskildu mig ekki viljandi. Ég er bara að reyna að benda þér á hvað skapar hin bestu verk vestrænna bókmennta – út frá áþreifanlegum staðreyndum um sérstöðu kynjanna.

VICTORIA: Dýrategundanna tveggja ...

GEORG: Ég hef aldrei nefnt tvær dýrategundir. En þú veist líklega að kynin hafa hvort sína líkamsbyggingu og afar óskylda eðliseiginleika – það er hið karlmannlega og hið kvenlega ...

VICTORIA: Hið karlmannlega er kraftur, dirfska og hlífðarleysi ...

GEORG: ... sannur karlmaður kærir sig kollóttan um hver eða hvað stendur í vegi fyrir honum, hann framkvæmir ætlun sína. Karlmaður dylur sinn innri mann, hann er slunginn og fylginn sér, hann býr yfir afli – afli til að láta aðra lúta vilja sínum – karlmaður býr yfir afli til að halda konu fastri.

VICTORIA: Kvenlega eðlið er auðvitað allt hið gagnstæða.

GEORG: Sönn kona þekkir ekki eitur afbrýðiseminnar – hún elskar skilyrðislaust. (*Þögn.*) Nú verð ég víst að drífa mig. Victoria ... (*Georg reynir að nálgast Victoriu, ná augnsambandi, en hún grýtir*

handritinu í andlit hans. Síðurnar dreifast um gólfid. Brandes er brugðid.)
 Í öllum bænum láttu ekki leiðast til sjálfsvorkunnar. Konur geta orðið jafnokar karlmannna þegar þær hafa brotið af sér helsið. Þú getur orðið góður rithöfundur, Victoria, ef þú leggur í það alla þína krafta.

VICTORIA: Já, það er ég viss um. Þakka þér fyrir ráðleggingarnar. Ég veit að hvert einasta orð er vel meint. Vel meint. Mjög vel meint.

Skyndilega kyssir Victoria Georg laust og krampakennt. Hann ályktar að nú standi sér allar dyr opnar, grípur um hana og kyssir hana opnum, votum kossi og þrýstir sér að henni. Í sömu mund kemur Ingeborg í dyrnar með stafla af skrifpappír í fanginu. Georg nánast tekst á loft, fjarlægist Victoriu leiftursnögg; hún tekur eftir því hversu þjálfður hann er í því að fjarlægjast þegar einhvern ber að.

INGEBORG: Pappírinn, frú ... á ég að setja hann á hilluna?

VICTORIA: Já, þakka þér fyrir, Ingeborg. Viltu vera svo væn að kveikja upp.

INGEBORG: Já, frú, það skal ég gera.

GEORG: Mér er ekki til setunnar boðið. Ég þakka áhugaverðar samræður, frú Benedictsson, það var mér sönn ánægja að fá að skiptast á skoðunum við þig. *(Georg kyssir hönd Victoriu; hraðar sér til dyra. Victoria tekur penna og veitir sjálfri sér áverka á handlegginn á meðan hún talar.)*

VICTORIA: Ógæfudagur! Ógæfudagur! Án nokkurs tilefnis, án þess að ég hefði grun um hvað var í uppsiglingu. Ég sá andlit hans yfir mínu, svart skeggið nálgadist eins og dökkt, hraðfara ský, hinn breiði munnur hans opnaðist, ég lokaði augunum, svarar, rakar varir hans við mínar; tennur sem glömruðu við tennur mínar og tungan glefsaði í mína eins og gráðug rotta. Með öðrum orðum, Ingeborg: neistann vantaði algjörlega. Undrun, ótti og vonbrigð; það eina sem ég fann. Georg Brandes kyssti Victoriu Benedictsson! Eða kyssti hann skálkinn Ernst Ahlgren?

4.

Seinna.

Victoria situr á legubekknunum og skrifar í dagbókina. Ingeborg stendur við skrifpúltið og puðar við að fylgja forskrift. Ingeborg snöktir.

VICTORIA: Haltu áfram. (*Ingeborg krassar í bókina. Hún er um það bil að breyta í grát.*)

VICTORIA: Hvað er að?

INGEBORG: Fyrirgefðu mér, frú, ég get ekki að þessu gert. Ég skal fara út.

VICTORIA: Svona, svona. Hvað amar að þér? Er það kærastinn?

INGEBORG: Já, frú.

VICTORIA: Ekki er hann drykkjusvoli og ekki lemur hann þig?

INGEBORG: Nei, hann kyssir mig og segir að ég sé fallegust og að hann elski hárið á mér, brjóstin og rassinn, en hann talar aldrei við mig, ekki um neitt sem skiptir máli. Mig langar svo óskaplega að fá að vera ...

VICTORIA: ... félagi hans?

INGEBORG: Já. En hann bara brosir og fer. Og ég sit ein eftir í öngum mínum. Nú ætlar hann víst að flytja úr borginni af því að búðin gengur illa og hann hefur sagt öllum frá því nema mér.

VICTORIA: Kannski vill hann ekki íþyngja þér með áhyggjum sínum.

INGEBORG: Hann hlær þegar ég segist vilja eiga allt með honum, líka vandamálin. (*Dok.*) Ég veit að þjónustustúlka þykir ekki merkileg manneskja – en ég hef tilfinningar eins og hver annar!

VICTORIA: Einhverra hluta vegna kemur hann til þín aftur og aftur.

INGEBORG: Þú veist til hvers karlmenn koma.

VICTORIA: Nú skaltu vera hughraust, Ingeborg. Fyrr eða síðar kemur í ljós hvað hann ætlar sér. Hættu að hugsa um hann, hugsaðu um sjálfa þig og haltu áfram með það sem þú ert að gera.

(Georg Brandes kemur í gættina. Það hleypir illu blóði í Ingeborg að sjá hann.)

INGEBORG: Ég vil ekki láta koma fram við mig eins og hund! *(Ingeborg brestur í grát og fer út.)*

GEORG: *(léttur í fasi.)* Góðan dag, frú Benedictsson. Hvað amar að þjónustunni þinni? *(Victoria rífur síðuna sem hún hefur verið að skrifa úr dagbókinni, brýtur síðuna saman laumulega og stingur á sig.)*

VICTORIA: Hún er ástfangin, veslings stúlkan.

GEORG: Er það satt, er sú stutta raunverulega ástfangin? Og hún vill auðvitað giftast honum þegar í stað, strax á morgun, en hann tvístígur?

VICTORIA: Annaðhvort er pilturinn heigull eða hann hefur stúlkuna að leiksoppi.

GEORG: Karlmaður sem ekki vill giftast hlýtur að vera annað hvort heigull eða haldinn kvalalosta. Allar vilja þær samt gefast þessum liðleskjum og föntum. Er það ekki furðulegt?

VICTORIA: Jú, það er stórfurðulegt.

GEORG: Mætti henni ekki standa á sama um einn strákbjána? Stúlkukindin, svona bráðlagleg, hlýtur að geta fengið alla þá ást sem hún kærir sig um. Er ekki bara sennilegt að hún sé ofdekruð – af því allir vilja fyrir hvern mun faðma hana að sér?

VICTORIA:

Kannski nægir henni ekki að vera bara föðmuð – kannski hefur hún fengið nóg af faðmlögum.

GEORG:

Ungar stúlkar stúlkur fá aldrei nóg af faðmlögum. Ég hef ekki rekið mig á það. Heldurðu í raun og veru að eðlileg kona fái einhvertíma nóg af faðmlögum? (*Dok. Georg hlær*) Reyndar gæti vel dottið í mig að verða ástfanginn af stúlku eins og Ingeborg.

VICTORIA:

Mér kæmi reyndar ekki óvart þótt þú yrðir einmitt ástfanginn af stúlku eins og Ingeborg.

GEORG:

Af hverju ætti ég að verða ástfanginn af Ingeborg?

VICTORIA:

Af því Georg Brandes kann manna best að skilja hismið frá kjarnanum. Og Ingeborg er ekkert hismi. Hún er kjarnastúlka. En hvort hún yrði nokkurn tíma ástfangin af þér – það yrði langsóttara.

GEORG:

Þú ert skemmtileg í dag, frú. (*Hlær. Dok.*) Hvílik umræðuefni! Ást!

VICTORIA:

Ástin er glapsýn og blekking. Var það ekki þannig sem þú orðaðir það?

GEORG:

Óþarfi að skrifa allt sem ég segi frá orði til orðs. Stundum lætur maður sitthvað flakka í stemmningu augnabliksins. Jæja, frú mín, þú lítur prýðisvel út í dag. Þú ert öll ...

VICTORIA:

...öll hvað?

GEORG:

... spengilegri en mig minnti.

VICTORIA:

Maður sér það sem maður vill sjá.

GEORG:

(reynir að vera innilegur.) Hvernig líður þér? Segðu mér eitthvað?

VICTORIA:

Ég segi aldrei *eitthvað*, kæri vinur. Ég segi það sem ég veit – þó það sé kannski ekki mikið. Ég veit til dæmis að það gleður mig að sjá þig í góðu skapi.

GEORG:

Ég er ekki í góðu skapi.

VICTORIA:

Nú, það var verra.

GEORG:

Bros mitt er tóm uppgerð. Raunverulega er ég í morðskapi á leið á fund til þess að berja á óvinum mínum. En kannski murka þeir lífið úr mér. Þá klæjar í fingurna þessa lúsablesa! Sesari var óhætt – þar til besti vinur hans stakk rýtingi í bakið á honum. Og þú líka, Brútus bróðir minn!

VICTORIA:

Þú getur óhræddur snúið baki í mig.

GEORG:

Það ætla ég að vona. Victoria, leyfðu mér að sjá þig! – Andlit þitt minnir mig á mynd í kirkjuglugga á fögrum degi þegar sólargeislarnir brjótast í gegnum glerið – þessar ótrúlega fögru myndir af brosandi píslarvottum... (*Dok.*) Líttu á – ég ætla að gerast svo djarfur að biðja þig um að þiggja af mér þessa ljósmynd. Ég geri enga kröfu til þess að hún standi á áberandi stað, en myndin ku vera eins þokkaleg og fyrirmyndin gefur tilefni til, og ramminn er listasmíð.

Georg setur ljósmynd af sér í silfurramma á arinhluna.

VICTORIA:

Kæri vinur, þú gast ekki glatt mig meira með nokkrum hlut. Þetta er falleg mynd af þér!

GEORG:

Ég er reyndar sagður vera allur skakkur í framan. Sjáðu – tileygður, munnskakkur... en vitanlega að öðru leyti fagur sem Adonis. Ég er kominn í gott skap! Verum kát eins og börn!

VICTORIA:

Þakka þér enn og aftur fyrir myndina.

GEORG:

Njóttu vel, kæra frú. En hve vangar þínir eru silkimjúkir – rétt eins og rósavendir. Og augun skína eins og eðalsteinar í dag. Viltu leyfa mér að kyssa þessi fallegu augu? (*Georg tekur utan um Victoriu og ætlar að kyssa hana, en hún losar sig úr faðmlagi hans. Georg verður sýnilega ergilegur.*)

GEORG:

Er eitthvað að? Ertu ekki glöð?

VICTORIA:

Jú, kæri vinur, ég er glöð.

GEORG:

Hvað hljóp í þig? Af hverju ertu allt í einu svona stúrin?

VICTORIA:

Það hljóp ekkert í mig. Ég hef setið við skriftir í allan dag, ég er dálítið þreytt.

GEORG:

Hvað varstu að skrifa, herra Ernst Ahlgren?

VICTORIA:

Hafðu dulnefni mitt ekki í flimtingum. Þú veist hvernig það er til komið. Þú veist manna best af hverju kona þarf að dulbúa sig sem karlmann til þess að mark sé tekið á orðum hennar.

GEORG:

Hvað varstu að skrifa, frú Benedictsson?

VICTORIA:

Bréf til þín. Það er ósent. Verður aldrei sent. Hreinn óþarfi að senda það fyrst þú ert kominn hér í eigin persónu. Við getum rætt saman augliti til auglitis.

GEORG:

Hef ég brotið einhvern samning? Hef ég gerst sekur um vanræksluglæp?

VICTORIA:

Nei, það er enginn samningur og þess vegna enginn glæpur. Þú hefur meira segja gefið mér mynd af þér. Nú verður þú aldrei langt undan.

GEORG:

Hvar er þetta bréf til mín? Bréfið sem þú skrifaðir í dag. Bréfið mitt.

VICTORIA:

Efni og erindi bréfsins er úrelt. Gleymdu því, kæri vinur.

GEORG:

Það dugir ekki að kveikja bál forvitninnar og ætla síðan að slökkva það með köldu andvarpi. Sumir segja að forvitnin sé mitt innsta eðli.

VICTORIA:

Ég man ekki einu sinni hvað ég skrifaði. Það var örugglega ekkert sem er forvitni þinni samboðið.

GEORG:

Það er ég sem ákveð hvað er forvitni minni samboðið. Hvar er bréfið? Sýndu mér bréfið! Fáðu mér bréfið!

Victoria fer inn á sig, tekur fram bréfið og réttir honum.

VICTORIA:

Fyrirgefðu, fyrirgefðu, fyrirgefðu! Mér leið svo undarlega þegar ég skrifaði bréfið.

GEORG:

(les bréfið með bros á vör, sem smám saman stirðnar.) ... svart skeggið nálgast eins og dökkt, hraðfara ský; hinn breiði munnur hans opnaðist, svarar, rakar varir hans við mínar, tennurnar glömrðu við tennur mínar, tungan glefsaði í mína eins og gráðug rotta. Hann er beinlínis skoplegur. Kossar hans eru ... skoplegir ... kossar hans eru ... skoplegir!

VICTORIA:

Mér fannst ég þurfa að ryðja úr sálinni öllu ljótu og óhreinu sem þrífst í myrkrinu – ég jós því öllu í þetta bréf. Ég ætlaði að brenna bréfið, en þú komst svo óvænt... Hvernig gat ég verið svona vitlaust, svona barnaleg og heimsk!

Georg horfir fram fyrir sig þögull. Victoria þjáist takmarklaust. Fyrirlitning hans er mikil og hræðileg. Victoria bíður örlaga sinna. Um síðir tekur hann til máls; talar slitrótt.

GEORG:

Þú ert einmitt sú manntegund sem ég hef mesta andstyggð á. Þetta fólk sem klýfur sig í tvennt og lætur annan helminginn sitja og horfa á hvað hinn aðhefst. Er hægt að ímynda sér nokkuð ruglaðra en að setjast niður og skrifa ritgerð um það af hverju fólk kyssist! Það er ekki hægt að lifa þannig – að kryfja allt í hel!

VICTORIA:

Já, já, já, þú hefur á réttu að standa. Fyrirgefðu mér, fyrirgefðu!

GEORG:

Ég kom til móts við þig af hreinskilni og í trausti á heilindi þín. Ég hélt að þú segðir satt þegar þú kvaðst vera meiri manneskja en rithöfundur... en hvað kemur á daginn? Þú hefur ekki snefil af forsendu til að skilja eðli mitt.

VICTORIA:

Ég er þér mjög þakklát. Fyrirgefðu mér!

GEORG:

Ég hef reynt að vera hreinn og beinn, en þér finnst það broslegt – þú hugsar ekki um annað en að skoða mig – rannsaka mig – reka mig í gegn með eitruðum nálum til að geta fest mig eins og dautt skordýr á þessi bannsettu blöð þín!

VICTORIA:

Fyrirgefðu mér kæri, Brandes. Hjálpaðu mér!

GEORG:

Ég kenni í brjósti um þig, en ég get ekki hjálpað þér. Þú þykist vera að þroska skilning á eðli ástarinnar en skilur ekki að þú ert að myrða sjálfan kjarna ástarinnar? (*Þögn.*) Fáðu mér myndina. Ég vil ekki að þú hafir þennan *skoplega* mann fyrir augunum á hverjum degi.

VICTORIA:

Nei, gerðu það ekki, gerðu það ekki! Leyfðu mér að halda myndinni, taktu hana ekki frá mér! Taktu ekki myndina! Ekki myndina! Leyfðu mér að

halda myndinni!

Hún liggur á gólfinu grátandi ofan á myndinni.

GEORG:

Rístu á fætur, Victoria. Sestu hjá mér. Tölum saman af skynsemi. Í öllum bænum hættu að skoða naflann á sjálfri þér og beindu athyglinni út á við. Hættu að standa sífellt með kutann yfir sjálfri þér á lofti eins og skurðlæknir.

VICTORIA:

Þú veist ekki um svartnættið sem aftur og aftur ætlar að gleypa mig. Sjáðu þetta rúnaletur myrkursins í holdi mínu! (*Hún réttir fram höndina með ör eftir áverka.*)

GEORG:

Já, ég veit. Þú hefur mátt þola margt. Af hverju stendurðu ennþá í þeirri trú að mér þyki lítið til þín koma, Victoria? Ef svo væri legði ég ekki leið mína hingað til þín aftur og aftur.

VICTORIA:

Mér er ekki sjálfrátt! Það býr einhver djöfull í mér sem ég ræð ekki við!

GEORG:

Auðvitað kyssi ég konur ...

VICTORIA:

Já ...

GEORG:

... en það er eitthvað sjúklegt við dylgjur þínar um að lítil þjónustustúlku með hnellin brjóst og sætan rass sé ekki óhult fyrir mér. Trúirðu því virkilega? En auðvitað – skoplegum mönnum er til alls trúandi.

VICTORIA:

Ég var gengin af göflunum þegar ég skrifaði þetta bréf. Ég hataði þig jafn mikið og mér þykir innilega vænt um þig nú.

GEORG:

Ég skil ákveðna hluti. Þú óttaðist að ég mundi dæma þig léttvæga. Þú vildir fá hól – hól fyrir smásöguna þína – eins og lítill krakki.

VICTORIA:

Ég var svo barnaleg að vantreysta þér.

GEORG:

Tökum þetta á ögn hærra plan, Victoria. Nú tala ég við þig kunnáttumaður. Þú verður að læra að breyta sársauka þínum í bókmenntir. Sársaukinn er ekki áhugaverður fyrr en hann er orðinn að list. Þú átt að taka kvöl þín – en líka gleði þína – og búa til úr þessu tvennu *eitthvað fyrir utan þig sjálfa* – eins og höggmynd – eitthvað sem aðrir sjá og geta þreifað á – upplifað – sannar bókmenntir. Ég tek þig alvarlega – ég veit úr hverju list sprettur.

VICTORIA:

Hvernig gat ég vitað að til væri manneskja eins og þú ... Jafnvel þó ég hafi lesið allar þínar bækur gat ég ekki ímyndað mér að þú sjálfur værir jafn hleypidómalaus og það sem þú skrifaðir. Bækur eru stundum svo ólíkar höfundum sínum.

GEORG:

Það hafa margir reynt að vega mig úr launsátri, en engum tekist – ennþá. Victoria, eigum við ekki að bæta úr því sem úrskaiðis fór?

VICTORIA:

Heldurðu að það sé hægt?

GEORG:

Við gröfum þetta dapurlega bréf eins og tvö börn sem jarðsetja dauðan fugl í húsagarði. Gleymt og grafið. Nú verð ég að fara.

VICTORIA:

Ó, farðu ekki, farðu ekki strax! Þú getur ekki fara núna! Þú mátt ekki fara!

Hún réttir fram handleggina; það er elskandi kona sem horfir á

karlmanninn; hún grípur í frakkalaf hans; augnaráðið lýsir þeirri tegund ástar sem skuldbindur; ást sem tækifærissinnaður karlmaður ætti að vera á varðbergi gagnvart. Rödd Georgs er blíð en ákveðin þegar hann talar.

GEORG:

Ég get ekki verið lengur. Ég lít inn á morgun ef ég sé mér fært. (*Dok.*) Þú ert undarleg kona, Victoria. Þessi augnablik þegar þú gleymir þér ertu beinlínis hrifandi.

Georg fer.

5.

Seinna. Victoria stendur ískyggilega tæpt uppi á hárrí arinhillunni í nýju skónum. Ingeborg kemur inn. Henni bregður, en hún reynir að láta á engu bera.

INGEBORG:

Kaupmaðurinn segir að þú verðir að borga reikninginn ekki seinna en um mánaðarmót. Hann er orðinn mjög órólegur. Ég sagði honum að þú værir strangheiðarleg.

VICTORIA:

Það eru aðilar að undirbúa fjársöfnun – fyrir mig – af því þessu fólki finnst ég skrifa vel. Er það ekki ótrúlegt?

INGEBORG:

Það er gott. Þá getum við borgað reikninginn.

VICTORIA:

Þú hefur fengið kampavínið?

INGEBORG:

Já, frú, það er hér. Veistu hvað hann spurði mig um?

VICTORIA:

Hver?

INGEBORG:
Kaupmaðurinn.

VICTORIA:
Nei. (*Dok.*) Um hvað spurð'ann?

INGEBORG:
Hvort þú værir öfug.

VICTORIA:
Og hverju svaraðir þú?

INGEBORG:
Ég grýtti í hann, moldugri rófu. En hann hló bara eins og þeir gera alltaf. Ég sagði honum að þú værir gift. Veistu hvað hann sagði þá?

VICTORIA:
Nei, það get ég ekki ímyndað mér.

INGEBORG:
Þær eru allar öfugar þessar kellingar sem skrifa bækur.

VICTORIA:
Skrifaðir þú heima? Hvar eru forskriftarbókin sem ég lét þig fá? Þú áttir að skila bókinni – hvar er hún?

INGEBORG:
Kærastinn minn reif hana. Hann varð brjáláður þegar hann komst að því að ég gat lesið auglýsingarnar í búðagluggunum. Hann reif bókina í tætlur.

VICTORIA:
Það var gott! Það var gott, Ingeborg! Nú skilurðu af hverju konur þurfa að skrifa undir dulnefni.

INGEBORG:
Georg Brandes hugsar ekki þannig – hann hvetur þig til að skrifa bækur, er það

ekki?

VICTORIA:

Góður herforingi ber fyrir brjósti hag allra sem skipa sér undir gunnfána hans, því jafnvel hinn aumasti fótgönguliði er gulls í gildi þegar blásið er til orrustu.

INGEBORG:

Þú átt von á honum í dag, er það ekki?

VICTORIA:

Dr. Brandes skrifar og skrifar og skrifar, bækur, blaðagreinar og fyrirlestra, honum þykja stundir sólarhringsins allt of fáar.

INGEBORG:

Samt birtist hann á ólíklegustu tímum.

VICTORIA:

Já.

INGEBORG:

Stundum er doktorinn hlaupinn út aftur áður en hann kemst úr frakkanum.

VICTORIA:

Hann er óútreikanlegur – eins og hermaður sem berst fyrir lífi sínu.

INGEBORG:

Það eru margir hér í borginni sem hata hann. Þeir segja að hann eigi að halda sig í útlöndum. Þar geri hann minnstan skaða. Það er ekki fallett hvernig fólk talar um doktorinn. Það segir að hann vilji að allir sofi hjá öllum. Er það satt?

VICTORIA:

Hann hefur dálítið gaman af meiningarlausu daðri. Það er ofurlítill veikleiki. Engum manni er hollt að strá sjálfum sér út í smáskömmtum eins og reykelsisdufti. Það spillir hinum dýpri þáttum skapgerðarinnar að geta aldrei verið heill og tryggur.

VICTORIA:

Hvernig líst þér á?

INGEBORG:

Á hvað?

VICTORIA:

Nýju skóna.

INGEBORG:

Ungfrú Mohr átti svona alveg eins skó?

VICTORIA:

Þekkir þú hana?

INGEBORG:

Já, hún bjó hér á síðasta ári.

VICTORIA:

Bjó hún hér?

INGEBORG:

Já, í þessu herbergi.

VICTORIA:

Og þjónaðir þú henni líka?

INGEBORG:

Já, frú. Ungfrú Mohr var mjög indæl – þar til doktorinn hætti að heimsækja hana, þá grét ungfrúin heilu næturnar.

VICTORIA:

Veistu hvað doktor Brandes kallar ungfrú Mohr núna? Mongólann. Mongólann! Hvað heldurðu að hann muni kalla mig – krákuna á hækjunum?

INGEBORG:

Hann hefur ekkert leyfi til að uppnefna fólk.

VICTORIA:

Afburðamenn eru gjarnan gallagripir, Ingeborg. Barnaskapur og snillingáfa fara oft saman.

INGEBORG:

Hann gerir þig ekki hamingjusama, frú.

VICTORIA:

Hver mínúta í návist afburðamanns er gulls í gildi.

INGEBORG:

Hann er ekkert merkilegri en þú!

VICTORIA:

Þú skilur þetta ekki, Ingeborg, hann er það sáldur sem mun burtskilja sorann úr sál minni. Þegar hann kastar mér frá sér verður eftir fullþroskaður kjarni. Georg Brandes fylgir Victoria Benedictsson inn í myrkrið, en Ernst Ahlgren mun standa eftir keikur í ljósinu!

GEORG:

(Georg gengur inn. Hann er niðurrigndur og flóttalegur.) Þakka þér fyrir blómvöndinn, kæra frú, og afmælskveðjuna. Dálítið hástemmd og afar sænsk ... engu að síður – kærar þakkir. Það voru reyndar ekki margir í þessari voluðu borg sem mundu eftir afmælisdeginum mínum. Einungis tvær ófrýnilegar konur birtust á vinnustofunni minni með ljóta blómvendi, þær ungfrú Prydz og ungfrú Mohr.

VICTORIA:

Jæja. Og af hverju voru þær ófrýnilegar?

GEORG:

Konur með blóm minna mig alltaf á jarðarfarir. Mér fannst þær vera komnar til að leggja blóm á kistuna mína.

VICTORIA:

Taktu af þér frakkann, kæri doktor. Ertu svangur?

GEORG:

Alveg glorsoltinn.

VICTORIA:

Ingeborg, gefðu doktornum eitthvað gott að borða.

GEORG:

Í guðanna bænum kallaðu mig ekki sífellt doktor. Kallaðu mig heldur kæri Brandes eða bara kæri vinur.

VICTORIA:

Ekkert vildi ég fremur en geta nefnt þig kæran vin.

GEORG:

Nú, gerðu það þá, manneskja!

VICTORIA:

Þú titrar af geðshræringu? Hvað hefur komið fyrir vininn minn?

GEORG:

Þú heldur kannski að líf mitt sé endalaus hégómlegur leikur. Það er misskilningur, kæra frú! Hvernig liði þér að vita af rándýrsaugum starandi á þig utan úr myrkrinu? Hvernig mundi þér líka að bréfin þín væru opnuð yfir gufu, lesin og límd aftur – og njósnað um allar þínar ferðir!

VICTORIA:

Hver stendur fyrir slíkum ofsóknum?

GEORG:

Þú hefur kannski heyrt minnst á ungfrú Knudtzon.

VICTORIA:

Ungfrú Knutzon?

GEORG:

Ég var í vinarsambandi við ungfrú Knudtzon. Okkur þótti dálítið vænt hvort um annað. Enda er ungfrúin listunnandi. Mér þykir ósjálfrátt vænt um listunnendur.

VICTORIA:

Nújá.

Victoria sest á arinhilluna.

GEORG:

Mér barst bréf frá ungfrú Knudtzon. Ég gekk með bréfið í vasanum allan daginn, en þegar ég þóttist viss um að eiginkona mín væri gengin til náða tók ég bréfið fram – í vinnustofunni minni – ætlaði að lesa það og brenna síðan – til öryggis – en ég fékk mig ekki til þess – það var svo yndislega skrifað. Þess í stað lagði ég það inn í bókmenntasögu Þýskalands, stakk bókinni í handritaskápinn minn, læsti skápnunum og fór að sofa. Þegar ég vaknaði voru fötin mín á víð og dreif um herbergið, lyklarnir horfnir úr buxnavasanum og bókaskápurinn opinn. Ég stökk á fætur og reif fram bókmenntasögu Þýskalands. Og hvað sé ég ...

VICTORIA:

... bréfið horfið.

GEORG:

Hún hefur legið á skráargatinu allt kvöldið.

VICTORIA:

Ungfrú Knudtzon?

GEORG:

Nei, nei, nei! – eiginkona mín. Allan tímann sem ég sat við vinnu mína hefur hún fylgst með mér. Finnst þér það ekki andstyggilegt! Heiftarfull augu sem stara á þig utan úr myrkrinu!

VICTORIA:

Æ, veslings doktorinn minn, þetta er algjört hundalíf hjá þér!

GEORG:

Já, já. Í þrjá daga börðumst við um bréfið! Ég þurfti verulega að byrsta mig. Loks afhenti hún mér bréfið og ég brenndi það – hélt að þar með væri málið úr sögunni.

VICTORIA:

En hún hefur auðvitað tekið afrit af bréfinu.

GEORG:

Þið kvenmenn hugsið allir eins. Nú hótar hún að birta bréfið í dagblöðunum. Hugsaðu þér, mín innilegustu einkamál birt hverjum sem hafa vill, þetta fallega ástarbréf lesið af skrílnum sem vill mig feigan. Auk þess hefur hún breitt út þá sögu að ungfrú Knudtzon sé þunguð – af mínum völdum. Ég þurfti að kalla ungfrú Knudtzon heim frá París og skipa henni að ganga tuttugu sinnum upp og niður Strikið til þess að kveða niður þessa ógeðslegu lygi!

VICTORIA:

Veslings unga stúlkan, hún hlýtur að elska þig mjög heitt?

GEORG:

Já, það gerir hún. En bræður hennar hafa útskúfað henni. Þeir dónar hafa líka í hótunum við mig! (*Georg tekur fram skammbyssu.*) Ég geng með hlaðna skammbyssu í vasanum ef ég þarf að verja hendur mínar.

VICTORIA:

Veslings, veslings hetjan mín! Gerðu þeim ekki til geðs að skjóta þá, þeir eru óverðugir þess að þú úthellir blóði þeirra. Leyfðu mér að geyma byssuna. Þú gætir skotið sjálfan þig í örvæntingu!

GEORG:

Vertu alveg róleg. Ég er ekki sú manngerð. Að mínu viti er það eigingjarnt fólk sem fremur sjálfsmorð.

VICTORIA:

Hefurðu reynt að ræða málin við hana – eiginkonuna?

GEORG:

Það þýðir ekkert að ræða við hana. Hvernig átti mig að óra fyrir því að *eiginkonan mín* mundi standa fyrir þessari uppákomu – hún sem var svo fullkomin, svo yndislegt barn þegar við giftumst.

VICTORIA:

Þetta er það hræðilega við börn – maður veit aldrei hvað úr þeim verður.

GEORG:

Þetta er pínlegt í meira lagi. Hún eltir mig um götur borgarinnar. Ég verð að hlaupa allskonar krókaleiðir til að hrista hana af mér. Eins gott að hún sá mig ekki fara hingað inn.

VICTORIA:

Ef hún er að reyna að eyðileggja þig verður þú að skilja við hana.

GEORG:

Þetta er ekki einfalt mál, Victoria. Skilji ég við hana án ástæðu sem lögin meta gilda fær hún börnin. Hún mun aldrei fallast á skilnað. Ég hef heldur engin efni á að halda tvö heimili.

VICTORIA:

Þú tókst hana frá þýðanda þínum í Þýskalandi – var það ekki?

GEORG:

Já, kallaðu mig bara flagara – það hafa aðrir gert á undan þér – en þegar ég leit hana augum í fyrsta sinn var sem andi minn losnaði úr líkamshylkinu – og sameinaðist anda hennar á einhvern yfirskilvitlegan hátt – það var andleg reynsla – ást við fyrstu sýn. En ástin er ...

VICTORIA OG GEORG:

... blekking eins og þú veist – yndisleg blekking, en blekking engu að síður ...

GEORG:

... eldiviðarkaupin, reikningarnir frá skósmiðnum, grænn horinn í börnunum – allt þetta kemur manni aftur niður á jörðina. Þú trúir því ekki, Victoria, hvað það er mér mikils virði að geta rætt þessi mál við þig í trúnaði. Öll höfum við okkar akkilesarhæl.

VICTORIA:

Eða akkilesarhné.

GEORG:

Hver tekur eftir því þótt þú haltrir lítillga, kæra Victoria, þú hefur svo margt

annað, gáfur og næmleika sem vege margfalt upp það sem öðrum konum er gefið af fríðleik og auði. Það lægir ólgu hugans að sitja hér með þér. Hjartakveisan líður frá. Ég hitti ótal marga á hverju degi, tala við sæg af fólki, en ég á fáa vini, og engan verndarengil – vilt þú, Victoria Benedictsson, verða verndarengillinn minn?

VICTORIA:

Já, það vil ég.

GEORG:

Get ég treyst því að þú standir með mér hvað sem á dynur, Victoria?

VICTORIA:

Fyrir þig, kæri vinur, vil ég allt gera.

GEORG:

Vinátta þín er mér afar dýrmæt. Þú ert rithöfundur, Victoria, en þú ert líka kona. Í kvöld ertu kona. (*Georg tekur Victoriu ofan af arinhillunni og hefur hana á loft. Hún spennir fætur um bak hans.*) Hvernig líður þér? Um hvað ertu að hugsa?

VICTORIA:

Ég er þín – ég vil vera þín ...

GEORG:

Þú vilt það – en getur það ekki? Hvers vegna ekki, Victoria?

VICTORIA:

Þú mátt ekki vera mér reiður ... Þú mátt ekki yfirgefa mig!

GEORG:

Er það dyggðarheitið gagnvart eiginmanninum?

VICTORIA:

Hann er hvergi nálægur í huga mér.

GEORG:

Er það orðið sem af mér fer – að ég sé kvennamaður?

VICTORIA:

Nei, hvernig dettur þér annað eins í hug.

GEORG:

Af hverju elskumst við ekki? Af hverju ekki?

VICTORIA:

Af því mér þykir svo innilega vænt um þig.

GEORG:

Væri það auðveldara með einhverjum sem þú bærir engar tilfinningar til – rétt eins og á hóruhúsi?

VICTORIA:

Nei, nei, nei, auðvitað ekki!

GEORG:

Nú, hvaða rökvísi er þetta þá?

VICTORIA:

Það er *mín* rökvísi!

GEORG:

(ber Victoriu að legubekknunum, leggur hana varlega niður.) Þú þarft ekki að vera hrædd, ég skal fara varlega, ég skal vera mjög blíður. *(Georg tekur skóna af Victoriu, kyssir fætur hennar.)* Hvað sérðu þegar þú horfir á mig? Maka þinn í Hörby? Föður þinn? Sérðu föður þinn?

VICTORIA:

Faðir minn var mér góður!

GEORG:

Ég skal líka vera góður við þig.

VICTORIA:

Á ég að naga af mér fótinn eins og refurinn í gildrunni til að bjarga lífi mínu! Viltu

sjá mig sundurlimaða? Viltu sjá blóð mitt á getnaðarlimi þínum? Viltu það?

Georg starir á Victoriu agndofa, rís á fætur.

GEORG:

Það er allt ónýtt ef trúnaðartraustið er ekki fyrir hendi. Vertu sæl, frú Benedictsson. (*Georg fer.*)

VICTORIA:

Af hverju fæ ég ekki að vera manneskja, af hverju fæ ég ekki að vera manneskja! Af hverju er ég bara kvenmannsbelgur! Kona, kona, ég bölva þér!

6.

Seinna. Victoria les ritdóm í dagblaði um skáldsögu sína, Frú Marianna. Victoria vefur dagblaðinu um höfuðið á sér.

INGEBORG: (*kemur inn með ferðatösku.*) Hefur ekki hlýnað?

VICTORIA:

Jú, Ingeborg, það er alveg nógu heitt hér inni. Kuldinn kemur innan frá. Kuldinn kemur innan frá. Innan frá.

INGEBORG:

Þú ert ekki veik frú? Á ég að færa þér heitt hunangsvatn?

VICTORIA:

Nei, það er óþarfí. (*Dok.*) Ingeborg, hefur þú heyrt talað um Don Juan?

INGEBORG:

Nei, ég þekki svo fáa. Hver er það?

VICTORIA:

Don Juan er maður sem helgar sig þeirri list að vinna ástir kvenna. Þannig reynir hann að flýja gráan hversdaginn.

INGEBORG:

Ég væri alveg sátt við að flýja hversdaginn, að minnsta kosti þvottana – dúkana og sængurfötin sem ætla mann lifandi að drepa.

VICTORIA:

Don Juan þvær aldrei sængurföt – hann veður yfir þau á skítugum skónum.

INGEBORG:

Það ætti að lemja svoleiðis menn – fyrir sóðaskap sem bitnar á öðrum.

VICTORIA:

Leyfðu mér að finna ylinn af höndum þínum. Ó, hvað þú ert mikið lifandi, Ingeborg! Þú ert vinkona mín, þú stendur mér nær en nokkur önnur lifandi manneskja! (*Hún réttir Ingeborg dagblaðið.*)

INGEBORG:

(*les hikandi.*) Ný skáldsaga eftir Ernst Ahlgren veldur vonbrigðum. Höfundurinn sem fór svo vel af stað slær ... klám ... klám ...

VICTORIA:

... klámhögg! Á forsíðu! Klámhögg skrifar hann! Stundum held ég næstum því að hann hati mig.

INGEBORG:

Hver? Hver hatar þig?

VICTORIA:

Don Juan – Don Juan!

INGEBORG:

Ég trúi því ekki, frú ... það getur enginn hatað þig!

VICTORIA:

Vitleysa, það er enginn vandi að hata mig. Það er eitthvað sem ég kalla fram. Eitthvað í eðli mínu. (*Dok.*) Af hverju ertu að brosa, þú trúir mér ekki? Grimmd hans felst í því að hann heimtar ást og þrífst á ást án þess að vilja láta neitt á móti! Hann hrekur fórnarlömb sín til brjálsemi. Það er djöfulæði, Ingeborg, djöfulæði!

GEORG:

(gengur inn.) Þakka þér fyrir öll bréfin, frá Benedictsson. Þú ert mikill bréfritari. Það sama verður ekki sagt um mig, ég er ömurlegur pennavinur. Ég hripa mín bréf þegar ég er um það bil að kasta upp af þreytu. *(Ingeborg fer út.)*

VICTORIA:

Sögurnar af stórkostlegum sigrum þínum í Pétursborg standa eins og blómum skryddir sigurbogar. Hvernig endaði ævintýrið um furstaynjuna? Ég er svo spennt! Segðu frá!

GEORG:

Hún kom til mín á grímuballi, fögur kona, og hvíslaði í eyrað á mér: Dr. Bandes, þrjár konur elska þig, gestgjafi þinn, konan með brúna augun sem er túlkur þinn, og ein í viðbót. Hver er sú? spurði ég. C'est moi! sagði hún. Það er ég! Hálf milljón rúblna ef þú skilur við eiginkonu þína og giftist mér! Hún leiddi mig því næst til sængur, eins og ég lýsti í bréfinu og á vissan hátt var ég gjörsigraður – enda konan óviðjafnanlega fögur.

VICTORIA:

Hálf milljón – tilboðið hlýtur að hafa freistað.

GEORG:

Peningar eru magnað afl, en peningar skuldbinda. Ég valdi frelsið.

VICTORIA:

Þú valdir frelsið.

GEORG:

Ef einstaklingurinn er ekki reiðubúinn til að verja frelsi sitt – þá gerir það enginn annar. Ég læt engan svipta mig frelsinu – ekki frekar en lífinu.

VICTORIA:

Það væri heldur ekki hetjulegt að glata frelsi sínu og lífi í einu kvenmannsskauti. Konan hefur skilið fórn þína réttum skilningi?

GEORG:

Já, við náðum mjög vel saman. Ég held að þar hafi ég eignast vinkonu fyrir lífstíð.

VICTORIA:

Vinkona fyrir lífstíð – slíkt jafnast á við fasteign. Á hinn bóginn – þú losnar þá aldrei við hana?

GEORG:

Ertu hneyksluð eina ferðina enn?

VICTORIA:

Nei, þú hefur vanið mig af slíkum tepruskap. Ég samgleðst þér vegna sigra þinna á rússneskri grund. En veturinn þar eystra er víst langur og harður – jafnvel Napóleón mátti súpa hel.

GEORG:

Leiðinlegt að heyra að þér leið illa í Parísarborg. Það er ótrúlegt að sjálf Parísarborg með öllum sínum lystisemdum skuli geta orðið að dýflissu. En það er list að kunna að njóta lífsins, Victoria.

VICTORIA:

Þú stendur beint á móti glugganum – einhver gæti séð til þín.

GEORG:

Mér stendur nákvæmlega á sama.

VICTORIA:

Þú hefur horast. Fékkstu ekki nóg að borða hjá þessum yndislegu konum í Pétursborg?

GEORG:

Segðu mér nú satt, hefurðu saknað mín?

VICTORIA:

Já.

GEORG:

Hefurðu þráð mig?

VICTORIA:

Já, ó, já. Ég saknaði þín – og þráði þig.

GEORG:

Svo þú getur þá líka þráð aðra manneskju! Ég þrái enga mannveru nema hana Edith mína litlu. Hún á heila heimsálfu í brjósti mér. Elsku litla barnið mitt, hún er svo mjúk og viðkvæm. Hún hefur erfð viðkvæmni mína, hún getur tárast af engu.

VICTORIA:

Það hlýtur að vera gott að elska einhvern skilyrðislaust.

GEORG:

Það er hins vegar ekki alltaf þægilegt að vera elskaður. Maður kærir sig ekki alltaf um þann sem elskar mann.

VICTORIA:

Kristur réð okkur að bjóða vinstri vangann ef við værum slegin á þann hægri.

GEORG:

Af hverju kem ég alltaf til þín þegar ég er særður og mæddur? Þú hefur næstum aldrei séð mig glaðan. Það er satt, þú hefur næstum eingöngu séð mig í mínum versta ham.

VICTORIA:

Þá hef ég til einhvers að hlakka.

GEORG:

Mér leið vel í Rússlandi. Ef þeir hefðu aðra stjórnarhætti myndi ég vilja eiga þar heima. Í Rússlandi get ég verið ég sjálfur.

VICTORIA:

Ég skil.

GEORG:

Nei, þú skilur ekki neitt. Þú stendur fyrir utan og horfir á líf okkar hinna sem fylgjum eðlishvötum okkar. Hvert er þitt eðli? Stundum sækja að mér vissar

grunsemdir. Ætli hún sé lesbisk? Eða kynlaus? – Já sennilega, kynlaus.

VICTORIA:

Hvort sem þér líkar betur eða verr þá er ég kona.

GEORG:

Sýndu það – klæddu þig úr. Stattu nakin fyrir framan mig. (*Pögn.*) Þú vilt það ekki?

VICTORIA:

Nei. Ekki núna.

GEORG:

Af hverju ekki, frú Benedictsson?

VICTORIA: (*hrópar.*)

Segðu Victoria við mig!

GEORG:

Kannski ætti ég að segja: herra Ernst Ahlgren? Mundi það höfða meira til þín?

VICTORIA:

Victoria, segðu Victoria!

GEORG:

Þú ert kannski að bíða eftir því að ég nauðgi þér? Það eru til þannig konur. Ertu að bíða eftir því?

VICTORIA:

Nei! Ég er ekki að bíða eftir því!

GEORG:

Þú hefur ekki hugmynd um hvað þú vilt!

VICTORIA:

Ég fer til Stokkhólms á morgun.

GEORG:

Hvaða erindi þykstu eiga í Stokkhólmi? Fyrst þér þótti vistin í París ömurleg geri ég ekki ráð fyrir að Stokkhólmur færi þér hamingjuna.

VICTORIA:

Það eru menn í Stokkhólmi sem hafa sæmilegt álit á því sem ég hef skrifað. Auk þess ætla ég að reyna að hætta að hugsa um þig.

GEORG:

Það var Edvard bróðir minn sem skrifaði þennan fjandans ritdóm um bókina þína. Ég er honum hinsvegar alveg sammála, þetta er hryllileg bók. Þetta er dömuróman, kerlingabók!

VICTORIA:

Þótt bróðir þinn sæi ástæðu til að sláta Frú Maríönnu á forsíðu hefur bókin hlotið góða dóma hjá öðrum ritdómurum.

GEORG:

Íhaldið hampar þér, Victoria. Það er ekki gott. Ég skil ekki af hverju þú skrifaðir þessa bók. Hvað á þetta afturhvarf til forneskjulegra hugmynda að þýða?

VICTORIA:

Kæri Georg, hlustaðu nú einu sinni á mig: ég verð að skrifa samkvæmt eðli mínu – eigi ég að skrifa eitthvað af viti verður það að vera eftir eðli mínu. Kannski er það forneskjuleg hugmynd – ég get ekki elskað nema einn mann.

GEORG:

Þú hefur kannski skrifað þessa afturhaldspestarþók fyrir eiginmann þinn í Hörby?

VICTORIA:

Ég trúi ekki á frjálsar ástir, hef aldrei trúað á þær – ég trúi á einkvæni. Frelsi andans og lauslæti holdsins eiga ekkert sameiginlegt.

GEORG:

Þú ert gengin í lið með afturhaldinu, það talar svona. Þú hefur villt á þér heimildir. Þú ert ekki lengur vopnabróðir minn, og virkilegur kvenmaður ertu heldur ekki.

VICTORIA:

Nú langar mig mest að skjóta þig í hnakkann. En æ nei, þú mundir snúast á hæli og segja með þessum fræga vælutóni: Þú skaust mig í *bakið*, frú Benedictsson, þú sveikst aftan að mér, en hve þú ert lítillmannlegt og viðbjóðslegt kvikindi! Konukvikindi!

GEORG:

Ég trúi þér alveg til þess að reyna að myrða mig. Því þú ert hvorki karl né kona.

VICTORIA:

Litli svarti djöfullinn þinn! Ég hata þig! Hata þig!

(Hann fer.)

7.

Seinna. Victoria kemur frá Svíþjóð. Ingeborg ber töskur hennar inn í herbergið og setur þær á gólfíð.

INGEBORG:

Hvernig gekk ferðin?

VICTORIA:

Vel – mér gekk vel. Stokkhómur er falleg borg. Allt stórt og gerðarlegt í Stokkhólmi.

INGEBORG:

Ég hélt ég mundi aldrei sjá þig aftur, elsku Victoria.

VICTORIA:

Jú, jú, þetta er ég. Ekki um að villast.

INGEBORG:

Ég saknaði þín mikið.

VICTORIA:

Ég saknaði þín líka, Ingeborg, því máttu trúa. Þessi blóm eru handa þér. Lestu það sem stendur á miðanum. Leyfðu mér heyra.

INGEBORG: (*les.*)

Orðin gera okkur rík;
úr þeim sníðum andans flík.
Góðar bækur gera þig
gáfulega eins og mig.

VICTORIA:

Stórkostlegt, Ingeborg! Þú hefur haldið áfram að æfa þig á meðan ég var í burtu.

INGEBORG:

Já.

VICTORIA:

Fínt, fínt! (*Dok.*) Hefurðu nokkuð séð *honum* bregða fyrir? (*Ingeborg hristir höfuðið.*) Ég frétti að móðir hans væri orðin ansi þreytt á öllum þessum konum sem koma að leita ráða hjá henni og gráta yfir honum. Þú hefur enggan áhuga á þessu. Veistu hvað, Ingeborg, ég sat heilt kvöld með Henrik Ibsen, norska leikskáldinu sem öll Evrópa talar um.

INGEBORG:

Og hvernig er hann – eins og doktorinn kannski?

VICTORIA:

Nei, Ibsen, nei, hann er feiminn og inní sig – eins og ég! En hann er líka ákveðinn, öfgafullur og eitilharður – eins og ég! Við urðum strax mestu mátar. Hann vildi við engan annan tala en mig. Við Ibsen sátum saman allt kvöldið.

Georg birtist. Hann heldur á dagblaði.

GEORG:

Sæl Victoria. Velkomin til Kaupmannahafnar.

VICTORIA:

Já, sæll.

GEORG:

Þakka þér fyrir greinina þína.

VICTORIA:

Ekkert að þakka.

GEORG:

Hvað kom til að þú valdir að ganga þvert á eigin sannfæringu og skrifa grein mér til varnar?

VICTORIA:

Þú varst beittur ofbeldi. Ég þoli ekki ofbeldi.

GEORG:

(hræður.) Victoria, ég skil hvorki upp né niður í þér.

VICTORIA:

Nei, þér lætur betur að fást við flóknari viðfangsefni.

GEORG:

Þér er væntanlega ljóst að með þessum skrifum þínum gætir þú verið að styggja fólk sem hefur gert vel við þig, veitt þér peningastyrki, einmitt af því það taldi þig vera á öndverðum meiði við mig?

VICTORIA:

Rétt manna til þess að tjá hugsanir sínar skal ég verja með hjartablóði mínu.

GEORG:

Þú virðist þekkja ævihlaup mitt betur en ég sjálfur. Hvernig þú segir frá fyrirlestrum mínum – ég vissi ekki hvað ég átti að halda – þetta varð allt svo lifandi hjá þér – spennan í salnum, eftirvænting áheyrenda, fas mitt, limaburður, raddblær! Þrátt fyrir skoðanaágreining lýsir þú mér sem mikilmenni.

VICTORIA:

Ég vil að þú njótir þess sannmælis sem allir eiga kröfu til.

GEORG:

Þetta drengskaparbragð mun ég ætíð meta við þig. *(Dok.)* En hvers vegna skrifarðu

mér þá samtímis þetta hræðilega bréf? (*Hann tekur fram sendibréf.*)

VICTORIA:

Andi minn krefst þess að ég fleygi þér burt.

GEORG:

Ég er orðinn dálítið þreyttur á þessum sjálfsmorðshótunum. Viltu að ég að lifi í stöðugum ótta um að þú drepir þig?

VICTORIA:

Ég yrði ekki fyrsti kvenmaðurinn sem færi í gröfina með nafn þitt á vörunum.

GEORG:

Hvað ertu að segja, manneskja?

VICTORIA:

Ungfrú Adda Ravnskilde – lagði hún ekki líf sitt í þínar hendur?

GEORG:

Endemis þvættingur er þetta! Ég hafði ekkert saman við þá stúlku að sælda – hún var bara ein af mörgum sem færðu mér handrit til yfirlesturs – ég hafði ekki sagt orð við hana – ekki einu sinni lesið handritið – þegar veslings stúlkan valdi þann kost að fyrirfara sér.

VICTORIA:

Það er hægt að taka fólk af lífi eftir ýmsum leiðum.

GEORG:

Þú ert semsé í lífshættu af því ég sagði álit mitt á skáldskap þínum af fullkominni hreinskilni.

VICTORIA:

Þið bræðurnir slátruðuð Frú Mariönnu. Af hverju?

GEORG:

Af hverju?

VICTORIA:

Af því að ég er hættuleg. Af því ég er kynlausa konan. Ykkur stendur stuggur af mér.

GEORG:

Okkur hverjum?

VICTORIA:

Karlmönnum sem tala linnulaust um frelsi og jafnrétti, en vilja samt hafa vit fyrir helmingi mannkynsins!

GEORG:

Ég tel mig vel geta haft vit fyrir fólki. Það er ekki þar með sagt að það vilji láta hafa vit fyrir sér. Nú eru þeir að ganga úr skaftinu, einn af öðrum, Ibsen, Björnsson, Strindberg. Snúast á sveif með kolsvörtu, andlausu íhaldinu. Það var happdráttur hjá þeim að finna þig til þess að þjarma að mér með hótunum. Ekkert sem mig vantaði nema eitt krosstré í viðbót. Hvað vakir fyrir þér, Victoria, hvað viltu ?

VICTORIA:

Hvað vill skipreika mannvera sem berst fyrir lífi sínu á einum plankarafti?

GEORG:

Þó þér líði þannig – get ég borið ábyrgð á því?

VICTORIA:

Þér kæmi best að ég sykki og hyrfi endanlega. Ég bíð eftir bendingunni, slepptu takinu, láttu þig sökkva, þér er ofaukið. Ég bíð eftir bendingunni.

GEORG:

Drottinn minn dýri, hvað þú ert klikkuð! Ætlaðu að færa ábyrgðina á þínu eigin lífi yfir á mínar herðar?

VICTORIA:

Nei, þú berð ekki ábyrgð á neinu – þú ert hinn frjáls andi.

GEORG:

Velgengi þín í Svíþjóð hefur þá engu breytt? Þú ert ennþá heltekin af sjálfri þér.

VICTORIA:

Tók ég ekki upp hanskan fyrir þig þegar á þig var ráðist?

GEORG:

Jú, en í hvaða tilgangi? Til þess að gera mig skuldbundinn?

VICTORIA:

Er hinn mikli Sesar nú orðinn að fórnarlambi?

GEORG:

Hvað veist þú eiginlega um mig?

VICTORIA:

Þú sagðir rétt áðan að ég vissi allt um þig.

GEORG:

Allt sem njósnari getur vitað. Þú skammast þín ekki fyrir að setjast að aldraðri móður minni til þess að rekja úr henni garnirnar um sambönd mín við annað fólk.

VICTORIA:

Vesling Georg Brandes reynir af veikum mætti að breyta heiminum, en allir snúast gegn honum, allt helvítis pakkið sem ætti að taka frelsinu fagnandi svíkst aftan að honum!

GEORG:

(við Ingeborg.) Farðu út!

VICTORIA:

Vertu kyrr!

GEORG:

(öskrar.) Farðu út! Út með þig! *(Ingeborg fer.)*

VICTORIA:

Ég þarf ekki meðaumkunarheimsóknir! Ég þarf þær ekki! Ég vil helst aldrei sjá

Þig aftur, litli skrattinn þinn!

GEORG:

Victoria, nú er nóg komið – í öllum bænum hættu þessu viðbjóðslega sjálfsmorðstali – og reyndu að haga þér eins og eðlileg manneskja!

Victoria slæmir til Georgs með hækjunni. Hann hörfar, en gerir síðan gagnárás og Victoria fellur á gólfid.

GEORG:

Að vilja deyja vegna smávægilegrar blaðagagnrýni sem var skrifuð í þeim tilgangi að fá þig til að taka þig á – það er móðursýki! Þú ættir skilið að einhver rasskellti þig duglega!

VICTORIA:

Sláðu! Sláðu mig! Sláðu mig! Það er svo miklu auðveldara að drepa en að elska!

Georg slær Victoriu. Hún verður höggdofa. ÞÖGN. Loks.

GEORG:

Ég er að reyna að hjálpa þér. Þú ert sálsjúk, Victoria.

VICTORIA:

Er ég það? Sálsjúk?

GEORG:

Geðtruflanir kvenna geta stafað af kynferðislegri ófullnægju. Rístu á fætur!

VICTORIA:

Hvað, ekki meiri barsmíðar? Á ekki bara að berja þetta úr kerlingunni?

GEORG:

Þú verður að leyfa mér að hjálpa þér. Ég veit að sorgir þínar eru raunverulegar. Þú verður að taka líkama þinn í sátt. Stattu einu sinni nakin. Leyfðu mér að sjá þig eins og þú ert.

VICTORIA:

Já, já, sjálfsagt. Ég skal gera það, þú munt sjá mig nakta, en ekki núna! Ekki núna!

GEORG:

Nei, þegar þú sjálf vilt, Victoria, þegar þú sjálf vilt. Auðvitað.

Georg fer. Ingeborg kemur inn. Victoria skriður á fætur. Ingeborg kemur inn.

VICTORIA:

Réttu mér glasið á hillunni, Ingeborg.

INGEBORG:

Þetta er morfin, frú.

VICTORIA:

Hafðu ekki áhyggjur, vina mín, ég nota lyfið bara til að slá á verkina. Ég er hræðilega kvalin. Nú ætla ég að reyna að vinna dálítið. Skrifa eitthvað satt og einlægt. Eitthvað sem lifir mig.

8.

Georg stendur við gluggann og horfir út. Ingeborg liggur á legubekknunum og les í bók. Georg lítur á klukkuna.

GEORG:

Þú veist ekki hvert hún fór?

INGEBORG:

Nei. Hún fór um hádegi – ég hef ekki séð hana síðan.

GEORG:

Hún er búin að kenna þér að lesa?

INGEBORG:

Já.

GEORG:

Hvað ertu að lesa?

INGEBORG:

Um kúgun kvenna.

GEORG:

Mikið vildi ég að allar ungar stúlkur í Evrópu kynnu að lesa. Þá væri loksins hægt að byggja allt frá grunni – hinir stóru andar bókmenntanna mundu þá ekki lengur tala út í tómið – þá gæti hin raunverulega bylting hafist!

INGEBORG:

Hvaða bylting?

GEORG:

Bylting mannsandans. Sá tími nálgast óðfluga, Ingeborg – að menn rétti úr bakinu, líti upp og meti akrana, hafið, laufið á trjánum og sólina að verðleikum – en fyrst og fremst meti náunga sinn að verðleikum ... Þá munu menn ekki öskra eða hvæsa hver á annan, heldur ræða saman af viti, og þá verður enginn svangur, næg föt á kroppinn og þak yfir höfuðið. Þá munu menn bera virðingu fyrir hugmyndum og þekkingu – róttækar hugmyndir til endurbóta á samfélaginu verða hærra metnar en silfur og gull ...

INGEBORG:

Get ég fært doktornum eitthvað?

GEORG:

Nei, takk. (*Hann lítur á klukkuna.*) Þú veist ekkert hvert hún fór?

INGEBORG:

Nei.

Ingeborg rís á fætur. Georg réttir Ingeborg eina rós úr vendinum. Hún tekur við rósinni, en kremur hana milli blaða í bókinni Kúgun kvenna. Ingeborg fer út. Georg stendur eftir, hlustar á tónlist sem berst að utan. Hann lítur í kringum sig, gengur að skrifborðinu, ætlar að fara að fletta dagbók Victoriu, en þá birtist Victoria.

GEORG:

Ég er búinn að koma tvisvar í dag – ég var orðinn hræddur um þig. Hvar varstu?

VICTORIA:

Ég gekk um göturnar í gráblárri móðunni og lét tímann líða. Fylgdist með lugtarverðinum þegar hann kveikti á einu ljóskerinu á fætur öðru. Horfði á ljósmerkin á brautarstöðinni sem glóðu rauð þegar byrjaði að skyggja. Allt var svo fallegt og sjálfsagt og rétt í borginni í dag. Ég brosti til allra sem ég mætti – og fólkið brosti á móti. Svo gekk ég heim full af sterkri, ungri haustgleði.

GEORG:

Mikið er það gott, Victoria, að þú skulir líta tilveruna bjartari augum en síðast.

VICTORIA:

Hér inni er líka allt svo fallegt. Mér finnst ég vera rík og sátt við lífið. Mér þykir vænt um þetta herbergi, Georg – af því það er þitt herbergi líka.

GEORG:

Það glasa í þér augun, Victoria. Heldurðu að þú sért með hita. Viltu að ég kalli á lækinn?

VICTORIA:

Nei, nei, ég er bara hamingjusöm.

GEORG:

Ertu viss?

VICTORIA:

Já, vinur minn, það er allt eins og það á að vera.

GEORG:

Það er gott. Og enginn skuggi á milli okkar?

VICTORIA:

Nei, enginn skuggi á milli okkar.

GEORG:

Þú hefur ekki lengur að hugsa um ... get ég verið rólegur?

VICTORIA:

Hafðu ekki áhyggjur. Annað hvort hugsa ég um það eitt – eða ég hugsa alls ekkert um það. Nú er ég bara barnalega hamingjusöm. (*Hellir sjálfri sér kampavíni í glas.*). Allt er svo kyrrt, stillt, fagurt. Hugsanir mínar eru hreinar og góðar

GEORG:

Það er gott. (Hann dregur upp Politiken.) Sjáðu bara hvað þeir skrifa vel um þig í Politiken. “Enginn af kvenrithöfundum Svía býr yfir svo kvenlegri og fingerðri skynjun sem þessi rithöfundur, sem er af lægri ættum – en þó tignari í tilfinningum sínum en nokkur hinna offáguðu ættunga hins hnignandi aðals”.

VICTORIA:

Ó, hvað ég man vel þegar við hittumst fyrst! Ég hafði beðið eftir þér í þrjá daga, svo komst þú, ég sat lömuð, stjörf og köld, og þú hranalegur, næstum fráhrindandi, hneikslaður á dauðatali mínu; en þegar þú kvaddir kysstir þú á höndina mína og sagðir: Við munum sjást aftur – í þessu lífi. Þegar þú varst farinn gerði ég nokkuð sem mér hefði varla dottið í hug að gera þegar ég var lítil; ég kyssti á höndina þar sem varir þínar höfðu snert hana; það var okkar fyrsti innilegi koss.

GEORG:

Þú hefur tekið ákvörðun?

VICTORIA:

Já. (*Byrjar að afklæða sig.*)

GEORG:

Ég er karlmaður, Victoria, því verður ekki breytt.

VICTORIA:

Nei.

GEORG:

Mig langar að elska þig, Victoria – er ég lítilmótlegur fyrir þær sakir?

VICTORIA:

Nei, þú ert sá sem þú ert.

Victoria leggst á legubekkinn. Liggur nakin með silkilak breitt yfir brjóst og höfuð.

GEORG:
Þú vilt það núna?

VICTORIA:
Já.

GEORG:
Af hverju – núna?

VICTORIA:
Ekki spyrja. Elskaðu mig!

GEORG:
Ástarleikur getur líka verið skemmtun, Victoria.

VICTORIA:
Gerðu það sem þú komst til að gera. Taktu mig!

GEORG:
Hver ertu í raun og veru?

VICTORIA:
Hver ég er. Ég er andi sem þráir þinn anda.

GEORG:
Þú leikur ekki á mig; þú ert ekki Victoria. Þú ert Ernst Ahlgren.

Hann fer.

Victoria þvær sér með þvottapoka. Ingeborg kemur inn.

INGEBORG:

Má ég ekki færa þér eitthvað að borða? Þú hefur ekki borðað í marga daga.

VICTORIA:

Ég þarf að skreppa burt í nokkra daga, Ingeborg – viltu passa handritin mín og dagbækurnar á meðan ég er í burtu – láttu *hann* ekki komast í neitt sem hér er inni. (*Dok.*) Þarna á borðinu eru lexíur til lesa á meðan ég er í burtu.

INGEBORG:

Veistu hvað, Victoria. Mér er farið að þykja þínulítið vænt um sjálfa mig.

VICTORIA:

Það hljómar vel.

INGEBORG:

Ég ætla aldrei framar að leggja líf mitt í annarra hendur.

VICTORIA:

Leyfðu mér að kyssa þig á ennið. Þakka þér fyrir vináttu þína, Ingeborg. Farðu nú niður og legðu þig. Farðu, vina mín.

Ingeborg fer. Victoria Benedictsson tekur spegil og hníf. Skoðar andlit sitt, finnur slagæðina á hálsinum.

VICTORIA:

Endirinn felst í upphafinu – upphafið býr í endinum. Móðir mín innrætti mér kvenlegar dyggðir, hún lét mig sauma, spila á píanó, fara með kurteisishjal á frönsku, og lesa Biblíuna – klukkutíma á dag. Endirinn er í upphafinu... Faðir minn kenndi mér hinsvegar að sitja hest, aka vagni og bregða hnífi ...

Victoria sker sig á háls. Myrkur.

GEORG BRANDES:

(heldur á dagbók Victoriu. Les.)

Þú hefur umgengist svo margar heimskonur að þú hefur enga trú á sönnum. djúpum tilfinningum. Af öllum þínum lausu kynnum lærðist þér að fyrirlíta konur, svo þú að lokum gleymdir að við erum manneskjur þrátt fyrir vanmátt okkar. Þú ert eins og eðli þitt og líf hafa gert þig. Ég skil það fullkomlega. Victoria Benedictsson hlaut að deyja – ég, Ernst Ahlgren myrti hana. En ég mun hefna hennar – hefna hennar grimmilega, Georg Brandes – því ég mun hundelta þig út yfir gröf og dauða. (*Georg lokar bókinni.*) Það sem hún kallaði ást var fyrir löngu orðið að vitfirringu sem átti ekkert skylt við ást eða kærleika. Valdi hún ekki mig af því að eðlisávisun hennar benti henni til að ég væri maðurinn sem gæti leyst úr læðingi sjálfseyðingarhvöt hennar? Sjálfsmorðið er hefndarráð í minn garð. Hún sleppir mér ekki. Hún sleppir mér aldrei – að eilífu!

ENDIR.

Nokkur þeirra rita sem höfundur og leikstjóri studdust við:

Ahlgren, Ernst: Samlede Skrifter I-VII. Bonniers, 1918-20.

Benedictsson, Victoria: Stora Boken I-III. Útg. Christina Sjöblad. Caverfors, Lund, 1978.

Bredsdorff, Elias: Den store nordiske krig um seksual moralen. Gyldendal, 1973.

Bref frá Victoria Benedictsson til Karl og Matti af Geijerstam. Útg. Matti af Geijerstam. Bonniers, 1909 (Geijerstam).

Böök, Fredrik: Victoria Benedictsson och Georg Brandes. Bonniers, 1949. (Kom út á íslensku hjá Degi 1951 undir heitinu VICTORIA Benedictsson og Georg Brandes, í þýðingu Sveins Ásgeirssonar.)

Den bergtagna och andra berättelser. Útg. Ebba Witt-Brattström. Hammerström & Åbberg, 1982.

Key, Ellen: Ernst Ahlgren. Några biografiska meddelanden. æggströms Förlagsexpedition, 1889.

Knudsen, Jörgen: Georg Brandes I-III. Gyldendal, 1985.

Krohn, Helmi: >Gerorg Brandes och Ernst Ahlgren<. Nya Argus, 20. årgang. Tiderne skifter, 1980.

Lundegård, Axel: Victoria Benedictsson. En sjelfbiografi ur bref och anteckningar. Hæggströms Förlagsexpedition, 1890.

Wamberg, Bodil: Lykken er en talisman: en kærlighedshistorie fra 1880érnes København, Gad, 1995. (Kom út á íslensku hjá Máli og menningu undir heitinu

Hamingjan er huliðsrún. Fræg og umdeild ástarsaga frá níunda áratugi síðustu aldar í Kaupmannahöfn, í íslenskri þýðingu Björns Th. Björnssonar.)

Georg Brandes (1842-1927) var einn áhrifamesti bókmenntagagnrýnandi sinnar tíðar á Norðurlöndum. Hann hélt fyrirlestra, skrifaði í blöð og sendi frá sér fjölda rita um bókmenntir og menningarmál, auk þess sem hann ritaði ævisögur frægra einstaklinga á borð við Goethe, Voltaire og Sesar. Frægir eru fyrirlestrar hans um bókmenntir og menningarmál sem hann hélt við Hafnarháskóla á árunum 1871 til 1883, með hléum, og voru gefnir út undir heitinu *Hovedstrømninger i det 19de aarhundredes litteratur* (1872-90). Í þessum fyrirlesturum leitaðist Brandes við að blása nýju lífi í hugmyndir manna um bókmenntir og bókmenntarýni. Hann reis gegn rómantísku stefnunni og ruddi jafnframt raunsæisstefnunni braut á Norðurlöndum. Fræg varð krafa Brandesar um að í bókmenntum ætti að "sætta problemer under debat", með öðrum öðrum að rithöfundar fjölluðu um brýn samfélagsmál og hefðu þannig áhrif á þróun samfélagsins.

Georg Brandes eignaðist marga andóðsmenn í röðum íhaldssamra borgara og mætti margskonar andstöðu í Danmörku. Lengi vel komu róttækar skoðanir hans, yfirlýst trúleysi og gyðinglegur bakgrunnur í veg fyrir að honum yrði veitt prófessorsstaða við Kaupmannahafnarháskóla, en hann var ekki gerður prófessor við háskólann fyrr en árið 1902. Brandes dvaldi í sjálfskipaðri útleð í Þýskalandi á árunum 1877 til 1883. Þar hreifst hann meðal annars af hugmyndum þýska heimspekingsins Friedrichs Nietzsches, sem hann kynnti síðar á Norðurlöndum með ritinu *Aristokratisk radicalisme* (1889).

Brandes starfaði náið með bróður sínum leiklistargagnrýndanum, leikskáldinu og stjórnmálamanninum Edvard Brandes. Ásamt öðrum lögðu þeir grunninn að stefnu sem lýsa mætti sem menningarlegri róttækni. Alla starfsævi sína var Brandes ötull baráttumaður fyrir frelsi einstaklingsins, jafnt í

persónulegu sem samfélagslegu tilliti. Hann kynnti meðal annars nýjar hugmyndir um kvenfrelsi og árið 1869 kom út þýðing hans á hinu fræga riti Johns Stuarts Mills *On the Subjection of Women*. Brandes ferðaðist mikið um Evrópu og komst í kynni við marga af helstu mennta- og listamönnum sinnar tíðar. Hann var meðal annars í vinfengi við Henrik Ibsen, Bjørnstjerne Bjørnson, Alexander Kielland og August Strindberg.

Meðal rita Georgs Brandesar um bókmenntir eru *Æsthetiske Studier* (1868) og *Kritiker og Portraiter* (1870). Brandes skrifaði einnig fræg rit um *Kierkegaard* (1871), *Ibsen* (1899), *Anatole France* (1905) og *Shakespeare* (1897-98). Eitt af undeildustu ritum Brandesar er *Sagnet om Jesus* (1925).

Victoria Benedictsson (1850-1888), fædd Bruzelius, var sænsk skáldkona sem skrifaði undir rithöfundarnafninu Ernst Ahlgren. Hún ólst upp á Skáni og bjó þar lengst af. Hana dreymdi um að stunda nám við listaskóla í Stokkhólmi, en foreldrar hennar voru því andvígir. Þegar hún var 21 árs árs giftist hún ekkjumanni sem var tæpum þrjátíu árum eldri en hún, Kristian Benedictsson, póstmeistara í Hörby á Skáni. Hún gekk í hjónaband í þeirri trú að hún væri að gera uppreisn gegn foreldravaldinu, og að með því móti myndi hún öðlast frelsi. Hún átti hins vegar eftir að komast að því að ráðahagurinn hafði verið ákveðinn að undirlagi foreldra hennar, og hjónabandið og hið smáborgarlega líf í Hörby reyndist henni ekki síður helsi en dótturhlutverkið. Við giftinguna gekk Victoria fimm börnum eiginmanns síns í móður stað. Hún eignast sjálf með honum tvær dætur, en aðeins önnur þeirra lifði. Árið 1881 fékk hún slæmar bólgur í hnén, þurfti að gangast undir uppskurði og var rúmliggjandi í tvö ár. Uppfrá því þurfti hún að ganga við hækjur.

Victoria hóf rithöfundarferil sinn með því að birta smásögur í blöðum og tímaritum sem lýsa mannlífinu á Skáni. Fyrsta útgefna rit hennar var smásagnasafnið *Från Skåne* (1884), sem vakti mikla athygli. Hún skrifaði tvær skáldsögur, *Pengar* (1885) og *Fru Marianne* (1887), sem fjalla hvor á sinn hátt um hjónabandið og stöðu konunnar. Í þessum skáldsögum fjallar Victoria á gagnrýninn hátt um hlutskipti ungra kvenna í samtímanum, sem hafa fengið litla sem enga uppfræðslu um kynlíf, og eru fyrir tilstilli uppeldis uppfullar af rómantískum hugmyndum sem eiga sér litla stoð í raunveruleikanum, en eru svo þvingaðar í hjónaband án þess að vita í raun hvað það felur í sér. Hún sendi einnig frá sér smásagnasafnið *Folkliv och små berättelser* (1887). Leikþátturinn *I telefon* naut vinsælda á sviði Dramatiska teatern í Stokkhólmi og eftir hennar dag kom út leikritið *Den bertagna*. Victoria dvaldi um hríð í Kaupmannahöfn,

Stokkhólmi og París.

Victoria tók líf sitt á hótélherbergi í Kaupmannahöfn árið 1888. Sjálfsvíg hennar hefur löngum verið tengt misheppnuðu ástarævintýri hennar með Georgi Brandes og þeirri staðreynd að hún tók ákaflega nærri sér slæma dóma fyrir skáldsöguna *Fru Marianne*. Skáldsagan þótti íhaldssöm og var gagnrýnd harðlega af rötttæklingum og kvenfrelshreyfingunni. Meðal þeirra sem gagnrýndu skáldsöguna hvað harðast voru Brandes-bræðurnir. Rithöfundarferill Victoriu var stuttur, eða innan við tíu ár, en skáldverk hennar hafa af síðari tíma mönnum verið álitin með því besta sem skrifað var í Svíþjóð á níunda áratugi 19. aldarinnar. Vinur Victoriu, rithöfundurinn Axel Lundegård, gaf út bréf hennar og dagbækur að henni látinni.

Úr leikskrá Þjóðleikhússins. Melkorka Thekla Ólafsdóttir tók saman.

Ritstola eða vitstola

Ástralski bókmennta- og kynjafræðingurinn Germaine Greer, sem er einn frægasti femínisti samtímans, hefur skrifað afar athyglisverða bók um landleysi og jaðarstöðu skáldkvenna í bókmenntasögunni, og áhrif þessarar stöðu á skáldskap þeirra og sjálfsímynd. Í bókinni, sem ber heitið *The slip-shod Sibyls* (Spákonur á hælasklitnum skóm, 1995) fjallar hún aðallega um enskumælandi skáldkonur, allt frá 17. öld fram á okkar daga, sem allar hlutu sem slíkar viðurkenningu og frægð fyrir skáldskap sinn, en þurftu að heyja baráttu við að finna sér stað í bókmenntaheimi sem var stjórnað af karlmönnum og glíma við persónulega óhamingju sem leiddi þær út á braut geðbilunar og sjálfstortímingar.

Um leið og Greer gerir skáldskap og texta nokkurra þessara skáldkvenna rækileg skil sýnir hún okkur upp úr hvaða jarðvegi þær voru sprotnar. Jarðvegurinn sem mótaði þær var plægður af karlmönnum. Til að fá að vaxa og dafna urðu þær háðar viðurkenningu þeirra, en um leið þurftu þær bæði að takast á við fordóma karlanna og höfnun af þeirra hálfu. Ósjálfstæði og skortur á kvenkyns fyrirmyndum og bókmenntahefð kvenna gerði það að verkum að þær áttu í erfiðleikum með að staðsetja sig í heimi bókmenntanna og ákveða hvaða hlutverki þær áttu að gegna þar. Þær þurftu ekki aðeins að takast á við fordóma samfélags sem ekki viðurkenndi rétt kvenna til frama, þær þurftu líka, sem hluti af kúguðum þjóðfélagshóp, að horfast í augu við eigin fordóma og sjálfsfyrirlitningu. Til að ná

fótfestu og öðlast viðurkenningu neyddust þær til að skrifa sig inn í hefð sem karlar höfðu skapað, og töldu sig þurfa að líkja eftir stíl þeirra eða yrkja eins og þeir. Að skrifa var karlmannlegt athæfi og eiginleiki og sú kona sem flíkaði “karlmannlegum” hæfileikum sínum um of gat átt á hættu að hljóta hvorki viðurkenningu sem skáld, né fá tækifæri til að sinna því hlutverki sem náttúra og samfélag í sameiningu höfðu markað henni innan hjónabands og fjölskyldu. Þær konur sem fóru ótroðnar slóðir og létu reyna á “karllæga” hæfileika sína urðu því að fela sjálfar sig, skrifa undir karlkyns dulnefni eða gerast leigupennar fyrir karla. Sjálfsímynd þeirra sem skáld varð reikul, hvort heldur sem þær skrifuðu undir karlkyns dulnefni eða kusu að koma fram undir eigin nafni. Til að fá fast land undir fætur skáru þær sig gjarnan úr með ýktum klæðaburði, stíl og framkomu, léku sér með kvenleikann og hegðuðu sér framandlega og trúðslega. Þessi leikur með kyn og hlutverk, sjálfsímynd og stöðu í heimi karlkyns listamanna olli í mörgum tilvikum innri spennu og sálrænni togstreitu, sem ýtti enn frekar undir sjálfseyðingarhvöt og sjálfstortímingu.

Sænska skáldkonan Victoria Benedictsson var ein af þeim skáldkonum sem áttu við alvarlega sjálfmýndarkreppu að stríða. Hún skrifaði undir karlkyns dulnefninu Ernst Ahlgren og glímdi alla tíð við kvenleika sinn, sem hún að lokum hafnaði. Leikritið *Viktoría og Georg*, eftir Ólaf Hauk Símonarson byggir að stórum hluta á víðtækum dagbókarskrifum Victoriu sem hún kallaði *Den stora boken*. Dagbókarskrifin eru einstök heimild um persónuleika hennar og geðslag, hugsunarhátt og skoðanir. Í dagbókunum er eins og sálarlíf og skáldskapur renni saman í eitt og nærri hvort annað. Það er eins og flókið og margbreytilegt tilfinningalíf konunnar Victoriu Benedictsson sjúgi lífsneistann úr skáldinu Ernst Ahlgren sem um leið sýgur kvenleikann úr konunni Victoriu. Kynveran þvældist fyrir rithöfundinum, ekki síst eftir að hún varð ástfangin af bókmenntafræðingnum Georgi Brandes. Fyrir Victoriu, eins og mörgum öðrum konum fyrr og síðar, virtist ekki ganga upp að sameina þau tvö ólíku hlutverk að vera kona og rithöfundur. Hún framdi sjálfsmorð 37 ára gömul og batt þar með enda á sársaukann sem fylgdi leitinni að „réttri” sjálfsímynd.

Síðustu æviárin helgaði hún því verkefni að verða góður rithöfundur, hvað sem það kostaði. Til þess að ná markmiði sínu taldi hún sig þurfa á vinfengi og viðurkenningu Brandesar að halda. Hann átti fyrst og fremst að „frjóvga” rithöfundinn í henni með þekkingu sinni á bókmenntum og nýstárlegum hugmyndum um samskipti kynjanna. Victoria gat þó aldrei

fyllilega sætt sig við hugmyndir hans um frjálsar ástir, af því þær gengu í
 berhögg við íhaldssamar hugmyndir hennar um hlutverk konunnar í ástum
 og hjónabandi. Um leið og hún freistaðist til að heillast af frjálslyndi
 Brandesar og verða fyrir áhrifum af skoðunum hans, gat hún ekki í hjarta
 sínu gengist við þeim og alfarið skipað sér í hans „lið.“ Samt sem áður hélt
 hún áfram að leita til hans eftir ást og viðurkenningu, sem orsakaði mikla
 innri spennu og tilfinningalegan klofning. Hún sá enga leið út úr þeim
 ógöngum aðra en að fórna kvenleika sínum; kveða niður þá rödd sem stóð í
 vegi fyrir rithöfundinum. Þrátt fyrir yfirlýstan vilja hennar til að skrifa,
 einbeitingu og sjálfsaga tókst henni ekki að vinna bug á veikleikum sem
 brutu hana stöðugt niður og afskræmdu óljósa sjálfsímynd hennar. Hún var
 ekki manneskja til að rísa undir og þola mótlæti, gagnrýni og þá grimmd
 sem óneitanlega eru fylgifiskar þess að leggja upp í ferðalag á ritvöllinn,
 ekki síst þegar um var að ræða konu á hennar tímum. „Það býr einhver
 djöfull í mér sem ég ræð ekki við“ segir Viktoría afsakandi við Georg
 Brandes í leikriti Ólafs Hauks Símonarsonar eftir að hann kemst í
 hatursfullt bréf sem hún hefur skrifað honum en ekki sent. Það er þessi
 djöfull sem veldur hávaðanum í höfðinu, stormunum sem geisa með
 reglulegu millibili og hún lýsir svo vel í dagbókunum. Togstreitan milli
 manneskjunnar og listamannsins, konunnar og karlsins, barnsins og hinnar
 fullorðnu konu, allt þetta lagði líf hennar og áform í rúst; henni tókst aldrei
 að ná sáttum milli þeirra tvíbentu tilfinninga sem stöðug þráhyggjan ól af
 sér. Hjá Victoriu eins og svo mörgum öðrum skáldum og rithöfundum, ekki
 síst kvenkyns, urðu efinn um sjálfa sig og eigið ágæti, þunglyndið og
 þjáningin uppspretta skáldskapar, en leiddu jafnframt til tortímingar.

Germaine Greer gerir sjálfstortímingu og þjáningu í lífi og skáldskap kvenna sérstök skil í bók sinni og telur að allt of mikil áhersla hafi verið lögð á að meta verk kvenna í ljósi þeirra þátta. Í því sambandi nefnir hún tuttugustu aldar ljóðskáldin Ann Sexton, Sylviu Plath, Ingrid Jonker, Evu Royston og Marinu Tsvetaeva sem allar fyrirfóru sér. „Fyrst heimurinn hefur yfirgefið mig, þá hlýt ég að yfirgefa heiminn” skrifaði Ingrid Jonker í einu ljóða sinna, sem er kannski lýsandi fyrir þá innilokun og einangrun sem sjúkleg hugsun þessara kvenna rataði í. Allar skorti þær „heilbrigða” sjálfsvitund og sjálfstraust. Þær urðu háðar álitum annarra og létu það oft stjórna viðbrögðum sínum. Greer gerir þó alls ekki lítið úr vanlíðan og raunverulegu þunglyndi sem leiddi þessar konur að lokum til sjálfsmorðs. Óhamingjan á sér ekki aðeins kynjafræðilegar skýringar, margar skáldkonur áttu fyrst og fremst við geðrænan vanda að stríða og fíknir af ýmsum toga sem þær náðu aldrei tökum á, þrátt fyrir stuðning, hjálp og ráðgjöf bæði frá mökum, vinum, fjölskyldu og meðferðaraðilum. En Greer spyr einnig hvort og hvaða þátt skáldskapurinn hafi átt í að ýta undir sjálfseyðingarhvöt og óhamingju þeirra. Greer vitnar í bresku skáldkonuna Jeni Couzyn sem fannst aðeins annað tveggja koma til greina þegar hún var á þrítugsaldri; að vera „hamingjusöm” og þögul í hjónabandi eða „óhamingjusöm” og málsnjöll í skáldskap. Hamingjusamt hjónaband og barneignir gátu alls ekki farið saman við það að vera alvöru skáld, af því að hjóna- og fjölskyldulíf var ekki nægilegt hráefni í skáldskap, hvað þá alvöru skáldskap. Hamingjusöm skáldkona hefði ekkert að segja, ef hún veldi hamingjuna framyfir skáldskapinn, hún yrði „ritstola” en ef hún veldi skáldskapinn framyfir “hamingjuna” yrði hún vitstola og ætti á hættu að fremja sjálfsmorð ung að árum eins og margar kynsystur hennar í skáldastétt. Flestar áðurnefndra skáldkvenna voru í hjónabandi og áttu börn og tókst líka að skilja eftir sig skáldskaparafrek. Að vera skrifandi, gift kona þarf því ekki að þýða að konan sé annað hvort ritstola eða vitstola, eða hvorutveggja.

Hér skal hvorki lagt mat á rithöfundarhæfileika þeirrar Victoriu sem er fyrirmynd Ólafs Hauks Símonarsonar í leikriti hans, né lagður dómur á gildi verka hennar, bæði var ferill hennar stuttur og skáldverk ekki mörg. Hinu er þó ekki hægt að neita að henni tókst að skrá nafn sitt á spjöld sögunnar, ekki aðeins vegna tengslanna við Georg Brandes, heldur ekki síst vegna þess að líf hennar og örlög hafa frá dauða hennar orðið fræðimönnum stöðugt tilefni rannsókna, ekki síst í sálar- og kynjafræði. Þannig hefur stutt og dramatísk ævi hennar orðið kveikja að ótal bókum og leikverkum. Victoria Benedictsson var gift kona og móðir sem yfirgaf fjölskyldu sína og heimili í leit að sjálfsímynd og til að öðlast frama sem rithöfundur. Hún varð kannski vitstola í baráttu sinni við að verða ekki ritstola. Í því er harmleikur hennar fólgin.

Germaine Greer lýsir í bók sinni eftir skáldkonum sem í framtíðinni verða fyrst og fremst metnar fyrir það sem þær skrifa. Hún vonast til að konum takist að marka sér bás, fá fastara land undir fætur en kynsystur þeirra á öldum áður. Forsendurnar fyrir skrifum þeirra hafa verulega breyst með auknum réttindum og viðurkenningu samfélagsins á kynferði og starfsframa kvenna. Þær þurfa ekki lengur að standa frammi fyrir valinu milli þess að vera annað hvort þöglar og ritstola eða málsnjallar og vitstola. Þær hafa kost á þriðja möguleikanum, þeim sem Victoria Benedictsson þráði svo heitt en tókst ekki að láta verða að veruleika, möguleikanum á að verða góður rithöfundur.

Hlín Agnarsdóttir